**FRÚIN Í HAMBORG**

*Flutti í nýtt húsnæði með hjálp Akureyringa*

Heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**FASTEIGNIR**

*Útsýni til Esju og Úlfarsfells*

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**TRYGGVI Í FOLD**

*Undrandi á endurkomu Péturs Þórs*

Blendin viðbrögð við nýju galleríi

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. október 2007 — 273. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

### Embla á ný



Hrafn Gunnlaugsson og Marie Bonnevie endurnýjuðu kynnin við hvíta víkinginn.

FÓLK 23

### Gaman og alvara



Íslenska óperan frumsýnir Ariadne frá Naxos eftir Richard Strauss.

MENNING 35

### Frjótt mál

„Íslenskan reyndist furðu sveigjanlegt tungumál og yfirgripsmikið og hefur til þessa lagað sig að nýjum og nýjum veruleika fyrirhafnarlítið," skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14

### Syngja til Hreiðars



Hreiðar Levy Guðmundsson, markvörður hjá Sävehof, er kominn með sitt eigið lag hjá stuðningsmönnum liðsins.

ÍÞRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR UPP -** Í dag verður austan 5-10 m/s sunnan til, annars hægari. Víða bjart í fyrstu en þykknar smám saman upp á landinu í dag og kvöld. Hiti 3-9 stig, mildast um miðjan dag.

VEÐUR 4



**UNDUR KÖNNUÐ** Stefán Jökull Jakobsson og Atli Már Markússon skoðuðu sig um í Iðrafossum í Eldhrauni, austan Kirkjubæjarklausturs, um helgina. Þeir fylgdust með jökulvatninu fossast inn í hellinn, standandi í því ísköldu upp í mitti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kennurum svíður há laun nemenda sinna

**Byrjunarlaun kennara eru þau sömu og unglingar geta unnið sér inn á skyndibitastöðum. Kennarar vilja að byrjunarlaun hækki í tæpar 300 þúsund krónur.**

**VINNUMARKAÐUR** Kennarar horfa upp á nemendur sína fara út á vinnumarkaðinn og fá um 200 þúsund krónur á mánuði fyrir vinnu á skyndibitastöðum. Það eru svipuð laun og byrjunarlaun háskólamenntaðra kennara. Á almennum vinnumarkaði eru algeng byrjunarlaun 300 þúsund krónur.

Þetta segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, og kveður valda óánægju meðal kennara.

„Maður heyrir af fólki sem er ekki með háskólapróf og fær 300 þúsund krónur í byrjunarlaun á einkamarkaði. Ég gæti ímyndað mér að það þurfi að fara hátt í þá tölu til að kennarar verði ánægðir," segir Eiríkur.

Kjarasamningar kennara renna út á næsta ári. Eiríkur segir að grunnlaun verði að hækka, öðru vísi fáist fólk ekki til starfa í skólunum. Þá verði að auka sveigjanleika og gera sveitarfélögum kleift að greiða hærri laun en kjarasamningar segja til um.

Fjölda fólks vantar til starfa í leik- og grunnskólum og segir Eiríkur að haldi fram sem horfi endi allt með ósköpum. Hann býst ekki við að kennarar fari í verkfall á næstu misserum heldur segi þeir upp störfum og hverfi úr skólunum verði ekkert að gert. Hann bendir líka á tifandi tímasprengju sem geti sprungið innan fárra ára þegar stórir hópar kennara öðlast rétt til fullra eftirlauna vegna 95 ára reglunnar (samanlagður starfs- og lífaldur), láti þá af kennslu og finni sér önnur störf. „Þá mun þessi vandi magnast," segir Eiríkur. ghs@frettabladid.is

Grunaður árásarmaður í haldi:

# Í lífshættu eftir alvarlega árás

**LÖGREGLUMÁL** Fjörutíu og þriggja ára karlmaður fannst lífshættulega slasaður í íbúð sinni hjá Félagsbústöðum á Hringbraut í Reykjavík um klukkan hálf tvö í gær.

Félagi mannsins, á fertugsaldri, tilkynnti lögreglu um hinn slasaða og kvaðst hafa komið að honum.

Lögregla handtók hann stuttu síðar grunaðan um að hafa valdið áverkunum.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn sagði óvíst hvenær yfirheyrsla yfir honum gæti hafist vegna ástands hins grunaða. Hann sagði ekki hægt að greina nánar frá rannsókn málsins.

Hinn slasaði er með höggáverka á höfði en ekki var unnt að greina nánar frá meiðslum hans. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var hann meðvitundarlaus í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans. - kdk

Crandon í Bandaríkjunum:

# Lögreglumaður skaut fimm eða sex manns

**BANDARÍKIN, AP** **Bandarískur lögreglumaður skaut til bana fimm eða sex unglinga sem voru í samkvæmi í smábænum Crandon við kanadísku landamærin í gær, að sögn fréttavefjar BBC.**

**Maðurinn flúði af hólmi en varð fyrir skoti lögreglunnar og beið bana nokkru síðar.**

**Um tíu unglingar á aldrinum sautján til tuttugu ára voru með samkvæmi í húsinu, að sögn sjónvarpsstöðvarinnar WJFW, þegar lögreglumaðurinn Tyler Peterson byrjaði að skjóta.**

**Ekki er vitað um ástæðurnar fyrir skothríðinni en ljóst er að minnst fimm létust.** - ghs

Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokks og þingflokkur Framsóknar funda í dag:

# Hriktir í stoðum samstarfsins

**STJÓRNMÁL** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins reyna í dag að ná sátt um framtíð Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavík Energy Invest (REI) og þar með lægja öldur síðustu daga.

Borgarfulltrúar, sem Fréttablaðið ræddi við í gærkvöldi, töldu miklar líkur á að samkomulag næðist um að hlutur Orkuveitunnar í REI yrði seldur einkaaðilum. Jafnframt að borgarfulltrúi tæki sæti í stjórn Orkuveitunnar í stað Hauks Leóssonar stjórnarformanns.

Innan borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna hafa komið upp efasemdir um að rétt sé að efna samkomulag um að Björn Ingi taki við stjórnarformennsku í Orkuveitunni um mitt næsta ár.

Náist ekki samstaða á fundi borgarstjórnarflokksins í dag kunni að koma til þess að því samkomulagi verði rift. Jafnframt geti grundvöllur samstarfs flokkanna í meirihluta borgarstjórnar þá brostið.

Þing- og sveitarstjórnarmenn Framsóknarflokksins hyggjast ræða málið í sínum hópi í dag. Innan flokksins hefur kraumað óánægja með framgöngu Björns Inga. - sh

OTA SOL GRYN

Borðaðu OTA hafragrautinn þinn á hverjum morgni

OKTÓBER

6 tommu bátur kr. 299

Gildir í október, gildir ekki með öðrum tilboðum s.s. Stjórnumáli

Kafbátur mánaðarins BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

Fylgstu með

eyjan.is

## SPURNING DAGSINS



*Bergur, er lífið ekki bara betra án rafmagns?*

„Ja, sem stjórnarformaður Orkuveitu Húsavíkur þá get ég nú ekki sagt það. Það er allavega ljóst að við fáum ekki álver þannig.“

Rafmagnslaust var á Húsavík klukkustundum saman á laugardag, og kunnu sumir íbúanna ágætlega að meta líf án rafmagns. Bergur Elías Ágústsson er bæjarstjóri á Húsavík.

Kraftlyftingamenn sem vilja ekki lyfjapróf þröngvuðu formanni sínum frá völdum:

# Ég er ekki strengjabrúða

**LYFTINGAR** „Ég er ekki strengjabrúða,“ segir Jóhanna Eiríksdóttir, sem á föstudag sagði af sér formennsku í Kraftlyftingasambandi Íslands. Hún segir sér hafa verið þröngvað út úr stjórninni vegna þess að hún vildi að kraftlyftingamenn sæktust eftir aðild að Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands. Ekki hafi verið vilji fyrir því meðal áhrifamanna í sambandinu vegna þess að því myndu fylgja regluleg lyfjapróf.



**JÓHANNA EIRÍKSDÓTTIR** Jóhanna vildi sambandið í ÍSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ /ANTON

„Stjórnin fylgdi ekki formanninum að málum og þá hefur skipstjórinn ekkert að gera í brúnni lengur,“ segir Jóhanna. „Þeir eru ekki mikið fyrir breytingar þarna og í raun eru tveir menn sem stjórna eiginlega öllu.“ Þar á hún við þá Auðun Jónsson og Hjalta Úrsus Árnason, en hvorugur þeirra situr í stjórn sambandsins.

Jóhanna lagði fram tillögu á fundinum um að annaðhvort sækti Kraflyftingasambandið eftir aðild að ÍSÍ eða þá alþjóðlegu sambandi þar sem lyfjapróf tíðkast alls ekki. Um þetta gátu menn ekki sæst en harðar deilur urðu á fundinum.

Við formannsembættinu tók Jakob Baldursson, kallaður Skaga-Kobbi í lyftingaheiminum, en hann var áður varaformaður. Ekki náðist í Jakob í gær. Tveir lyftingamenn úr röðum sambandsins, þeir Auðunn og Jón „bóndi“ Gunnarsson, hafa orðið uppvísir að lyfjanotkun á árinu. - sh

Ólæti í Reykjanesbæ:

## Slagsmál leyst upp með táragasi

**LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn á Suðurnesjum beittu táragasi á um fimmtíu manna hóp sem var með ólæti fyrir utan skemmtistaðinn Trix í Reykjanesbæ aðfaranótt sunnudags.**

**Ólátabelgirnir voru flestir á þrítugsaldri og höfðu brotist út hópslagsmál þeirra á milli. Þeir veittust svo að lögregluþjónunum með höggum og spörkum og sá lögregla þann kost vænstan að leysa hópinn upp með táragasi. Engan sakaði alvarlega en nokkrir leituðu til læknis vegna minniháttar áverka. Lögregla segir engan hafa verið handtekinn en eftir eigi að taka ákvörðun um framhaldið. - kdk**



**VILJA AÐSKILNAÐ** Flæmskir sjálfstæðissinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Áminning til sendiráða:

## Belgía er enn óskipt land

**BELGÍA, AP Belgísk stjórnvöld hafa sent óvenjuleg fyrirmæli til sendiráða ríkisins um víða veröld: Ef einhver spyr hvort flæmskuog frönskumælandi hlutar landsins séu að klofna í sundur þá ber að svara því afdráttarlaust neitandi.**

**Nærri fjórum mánuðum eftir að þingkosningar fóru fram í landinu hefur óeining milli systurflokka í flæmsku- og frönskumælandi hlutanum valdið því að þrátt fyrir þingmeirihluta á belgíska sambandsþinginu hefur þeim ekki enn tekist að mynda ríkisstjórn. Meginorsök ágreiningsins er krafa flæmskumælandi stjórnmálamanna um aukna sjálfsstjórn til handa landshlutastjórnunum. - aa**

Yfirlýsing frá ÍA:

## Gjaldkeri kærður fyrir þjófnað

**LÖGREGLUMÁL** Fyrrverandi gjaldkeri Íþróttabandalags Akraness hefur verið kærður fyrir þjófnað í starfi. Endurskoðunarfyrirtæki mun yfirfara öll fjármál félagsins.

Í yfirlýsingu frá aðalstjórn ÍA segir að gjaldkerinn hafi greitt til baka þá upphæð sem hann er talinn hafa stolið auk þess sem áréttað er að traust verði að ríkja í því sjálfboðastarfi sem unnið er á vegum íþróttafélaga. - kdk

# Sakaðir um að beita mútum og hótunum

**Átta Lettar sem hafa talið Nordic Construction Line hlunnfara sig hafa skipt um skoðun. Afl telur þeim hótað til að fá þá til að yfirgefa landið strax. Fimm halda áfram að sækja rétt sinn og tíu hafa bæst við.**

**VINNUMARKAÐUR** Átta fyrrverandi starfsmenn Nordic Construction Line (NCL) hafa fallið frá kröfum sínum í garð fyrirtækisins. Að sögn Sverris Albertssonar, framkvæmdastjóra Afls starfsgreinafélags, létu mennirnir undan þrýstingi fyrirtækisins og hafa nú yfirgefið Austurland og eru taldir á leið úr landi. Mennirnir störfuðu að verkefnum fyrir GT verktaka við Hraunárveitu. Lögmaður Afls hefur kært hótanir sem taldar eru hafa átt sér stað á hóteli mannanna í gær.

Í yfirlýsingu frá Afli segir að fulltrúar NCL hafi mætt á hótel mannanna og hótað að þeir myndu aldrei fá vinnu á Íslandi eða í Lettlandi, að þeir fengju ekki farseðla sína en líka reynt að bera á þá fé og áfengi til að fá þá til að yfirgefa landið strax. Þannig yrði komið í veg fyrir að þeir gæfu frekari skýrslur fyrir dómi eða lögreglu. Samkvæmt yfirlýsingunni hafi átta mannanna látið undan, fimm ætli hins vegar að standa við mál sitt og í gær hafi tíu bæst í hóp þeirra. Afl hefur farið fram á það við lögreglu að ferð mannanna átta verði stöðvuð þar sem þeir séu „mikilvæg vitni í kærumáli um skjalafals, hótanir,“ eins og segir í yfirlýsingunni, en lögreglan hafi hafnað því.

Lögð var fram beiðni til Héraðsdóms Austurlands um að mennirnir gæfu skýrslu sem vitni í einkamálum samstarfsmanna sinna.

„Frásagnir mannanna eru allar á eina lund. Þeir voru þvingaðir með hótunum um brottrekstur til að kvitta fyrir móttöku mun hærri launa en þeir fengu greidd. Í Lettlandi var samið við þá um 135 þúsunda króna mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Meðalvinnutími var um 310 tímar á mánuði og tímalaun því að meðaltali 435 krónur,“ segir í yfirlýsingu Afls.



**ÁTTA HÆTTU VIÐ** Þrettán Lettar töldu sig hlunnfarna í starfi á vegum GT verktaka og höfðu leitað til Afls starfsgreinafélags um að rétta við hlut sinn. Í gærmorgun höfðu átta þeirra skipt um skoðun. Hér má sjá nokkra Lettanna áður en hluti þeirra hætti við. FRÉTTABLAÐIÐ/SVERRIR

„Tvö lykilvitni í málinu eru túlkar GT verktaka, sem sáu um að deila út launum og fá undirskriftir á kvittanir. Þeir verða sendir úr landi á næstu dögum ef ekki í dag. Við höfum farið fram á að teknar verði skýrslur af þeim án tafar. Annar þessara manna hefur þegar gefið skýrslu hjá lögreglu þar sem hann viðurkennir að hafa látið starfsmenn kvitta undir skjöl þess efnis að þeir hafi móttekið mun hærri greiðslur en finna mátti í meðfylgjandi umslögum.“

Marteinn Másson, lögmaður GT verktaka, sagði að um „algjörlega fráleitar“ staðhæfingar væri að ræða. „Ég reikna fastlega með að mínir umbjóðendur leiti réttar síns fyrir dómstólum. Það er ekki hægt að búa við svona rangar sakargiftir.“ ghs@frettabladid.is



**LÖNG SKULDBINDING** Bandarískur hermaður á vakt norður af Kabúl. Sex árum eftir innrásina sér ekki fyrir endann á verkefni NATO-herliðsins. MYND/AP

Sex ár frá Afganistanárás:

## Herför sem ekki sér fyrir endann á

**AFGANISTAN, AP** Rétt sex ár voru í gær frá því fyrstu bandarísku sprengjurnar byrjuðu að falla á Afganistan, innan við mánuði frá hryðjuverkaárásum al-Kaída á New York og Washington 11. september 2001.

Með loftárásunum hófst herför Bandaríkjamanna, sem síðan naut stuðnings Breta, Kanadamanna og fleiri NATO-þjóða, gegn stjórn talibana í Afganistan, en al-Kaídaleiðtoginn Osama bin Laden starfaði í skjóli hennar.

Með stuðningi afganska Norðurbandalagsins tókst innrásarliðinu að hrekja talibana frá völdum á tæpum tveimur mánuðum. Í byrjun desember 2001 hörfuðu þeir frá höfuðvígi sínu Kandahar og upp í fjöllin á landamærunum við Pakistan, þaðan sem þeir stunda skæruhernað enn í dag. - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta í Ljósavatnsskarði

Bílvelta varð í Ljósavatnsskarði rétt fyrir klukkan níu í gærmorgun. Fjórir voru í bílnum og voru tveir farþegar, fjögurra ára barn og eldri karlmaður, fluttir á slysadeild. Meiðsl þeirra reyndust þó ekki alvarleg.


www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

Bólusetning gegn inflúensu
– engin bið

Lyfja Lágmúla: alla daga kl. 15–19
Lyfja Smáralind: alla daga kl. 13–15
Lyfja Laugavegi: föstudaga kl. 13–17

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 39345 09/07


Fjölmenni var í Perlunni á skemmtun í tilefni alþjóðlega geðheilbrigðisdagsins:

# Hugsaðu jákvætt það er léttara

**HEILBRIGÐISMÁL** Margir lögðu leið sína í Perluna í gær á sérstaka skemmtidagskrá í tilefni af alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, flutti ávarp og boðið var upp á margvíslega skemmtan og fróðleik.

Allir gestir fengu að gjöf stuttermabol sem á er letrað fyrsta geðorðið:„hugsaðu jákvætt það er léttara,“ á átta tungumálum.

Sölu Kiwanis-manna á K-lyklinum lauk í gær en ágóðinn rennur til geðheilbrigðismála. Gekk salan vonum framar, að sögn Bernhards Jóhannessonar, formanns K-dagsnefndar.

Ekki lá ljóst fyrir í gær hve mikið safnaðist en greint verður frá því í dag. - bþs



**BOLURINN SKOÐAÐUR** Allir sem komu í Perluna í gær fengu bol að gjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Við þurfum 70 blóðgjafa á dag
vodafone
Á Íslandi eru um 9.000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við blóðmissi t.d. vegna slysa eða skurðaðgerða. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju.
Gríptu augnablikið og lifðu núna
BLÓÐBANKINN

## GENGIÐ 05.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,99 | 61,29 |
| Sterlingspund | 124,34 | 124,94 |
| Evra | 86,07 | 86,55 |
| Dönsk króna | 11,548 | 11,616 |
| Norsk króna | 11,236 | 11,302 |
| Sænsk króna | 9,365 | 9,419 |
| Japanskt jen | 0,5232 | 0,5262 |
| SDR | 94,66 | 95,22 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,8819

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kristján Gunnarsson endurkjörinn sem formaður Starfsgreinasambandsins:

# Kröfum lýst í lýsingarorðum

**VINNUMARKAÐUR** Starfsgreinasambandið ætlar að lýsa kröfum sínum og væntingum í kjaramálum í lýsingarorðum, ekki í tölustöfum. „Við ákváðum að nota lýsingarorð eins og „verulegt“ og „mikið“ og festa okkur ekki við hundrað þúsund kalla,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, og viðurkennir að það sé afstætt hvað sé mikið.

Þing sambandsins var haldið fyrir helgi.

„Tilfinningaþrungnar og heitar umræður urðu um kjaramálin en menn komu standandi niður,“ segir Kristján. „Þetta fer í frekari mótun hjá samninganefndunum. Strax eftir helgina ætlum við að ganga frá viðræðuáætlunum með dagsetningum um hvenær við ætlum að birta kröfur. Það er heilmikil vinna framundan,“ segir hann.



**AÐKOMA STJÓRNVALDA** „Stærsti fyrirvarinn er um það hver aðkoma stjórnvalda verður,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins.

Þingið samþykkti ályktanir í atvinnumálum, um húsaleigumarkað og um að kanna aðild að ESB og upptöku evru auk ályktunar um að fullgilda lágmarksréttindi við uppsögn úr starfi og nýjan áfallatryggingasjóð.

„Við fögnum þeim hugmyndum og hvetjum aðildarfélögin til að styðja nánari útfærslu. Niðurstaðan er sú að miklu fleiri vilja skoða þetta áfram en auðvitað er nokkrum spurningum enn ósvarað. Stærsti fyrirvarinn er um það hver aðkoma stjórnvalda verður,“ segir Kristján.

Stjórn Starfsgreinasambandsins var einróma endurkjörin. **- ghs**

Súdanskar hersveitir í Darfúr:

# Brenndu heilan bæ til grunna

**SÚDAN, AP Súdanskar hersveitir hafa jafnað bæinn Haskanita í Darfúrhéraði við jörðu til að jafna sakirnar við uppreisnarmenn sem ráðist höfðu á herstöð skammt frá bænum. Bærinn var brenndur til grunna að undanskildum nokkrum húsum, að því er fram kemur í tilkynningu frá Sameinuðu þjóðunum.**

**Ekki liggur fyrir hvort mannfall varð. Hjálparstarfsmenn efast um fullyrðingar uppreisnarleiðtoga þess efnis að hundrað manns hafi farist. Friðargæsluliði sem kannaði svæðið sagði um fimmtán þúsund manns á flótta á svæðinu. - sh**



ANNA PÁLA OG INGIBJÖRG SÓLRÚN
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ungir jafnaðarmenn:

# Samstaða um umhverfismál

**LANDSÞING** Anna Pála Sverrisdóttir tók við formennsku Ungra jafnaðarmanna á landsþingi þeirra í gær. Fráfarandi formaður er Einar Már Guðmundsson.

Á þinginu tóku ungir jafnaðarmenn skýra stefnu í umhverfismálum og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu. Í henni var áframhaldandi byggingu stóriðju hafnað og hvatt til þess að fyrirhugaðar álversframkvæmdir í Helguvík og Bakka yrðu stöðvaðar. Áherslu ætti að leggja á örvun nýsköpunar og bættar aðstæður sprotafyrirtækja og hátækniiðnaðar.

Samkvæmt Önnu Pálu var rík áhersla lögð á að stórhækka laun kvennastétta í opinberri þjónustu. Auk þess var hvatt til inngöngu í Evrópusambandið og að almannatryggingakerfi yrði bætt. **- kdk**

## SLÖKKVILIÐ

### Eldur í potti á Akureyri

Eldri hjón á Akureyri voru flutt á sjúkrahús vegna gruns um reykeitrun eftir að eldur hafði komið upp í húsi þeirra. Eldurinn kviknaði í potti sem gleymdist á eldavél. Skamma stund tók að slökkva eldinn, sem var ekki mikill, og var húsið reykræst á eftir. Nokkurt tjón varð af völdum reyks og sóts.

# Stöðvaðir í tollinum með myndavélarnar

**Áhugaljósmyndarar eru æfir vegna þess að tollverðir taka myndavélar af saklausum komufarþegum og krefjast kvittana. Einstaklingar verða fyrir vinnutapi og kostnaði meðan búnaður þeirra er í vörslu tollsins á Keflavíkurflugvelli.**

**TOLLAMÁL** Megn óánægja er meðal áhugaljósmyndara með að tollverðir á Keflavíkurflugvelli krefjist kvittana eða ábyrgðarskírteina fyrir tölvum og myndavélum sem komið er með til landsins. Margir áhugaljósmyndarar telja að tollurinn sé að „glæpakenna alla farþega sem koma til landsins og teljast þeir smyglarar nema þeir geti sannað að þeir séu ekki að smygla,“ segir Sigurður Geirsson áhugaljósmyndari.

Heit umræða hefur verið um starfsaðferðir tollsins á vefnum ljósmyndakeppni.is. Sigurður telur að tollurinn sé í sönnunarbyrðinni hafi verið snúið við; menn séu taldir sekir nema þeir geti sannað sakleysi sitt. Mörgum finnist þetta nálgast valdníðslu, segir hann.

Sigurður spyr meðal annars hvernig einstaklingur, sem hefur fengið ljósmyndabúnað að gjöf, eigi að framvísa kvittun, hvort starfsmaður fyrirtækis eigi að fá kvittun úr bókhaldi fyrirtækisins til að sýna fram á í tollinum, hvernig sýna eigi fram á greiðslu aðflutningsgjalda þegar búnaður hafi verið keyptur notaður og hvort umrædda kvittun geti verið sönnun um viðskipti þegar ekkert raðnúmer sé skráð á hana og auðvelt að breyta henni í tölvu.

Hann spyr einnig hvort tollurinn geti krafið fólk um kvittanir þegar einstaklingar séu ekki bókhaldsskyldir og hvort menn geti ekki átt á hættu að vera vændir um skjalafals þar sem margir geti notað sömu kvittanir og auðvelt sé að breyta þeim í tölvu.

„Í tilfellum þar sem tollurinn tekur búnað af saklausu fólki má það hafa fyrir því að finna þessar kvittanir og koma þeim til Keflavíkur með tilheyrandi vinnutapi og kostnaði sem tollurinn tekur ekki þátt í, hvað þá að endurgreiða,“ segir Sigurður og telur að tollurinn eigi að hafa upplýsingar um allar vörur sem keyptar hafi verið hér á landi og fluttar löglega inn.



**NÁLGAST VALDNÍÐSLU** Mörgum finnast starfsaðferðir tollsins nálgast „valdníðslu“, að sögn Sigurðar Geirssonar áhugaljósmyndara.

> ...má það hafa fyrir því að finna þessar kvittanir og koma þeim til Keflavíkur með tilheyrandi vinnutapi og kostnaði.
>
> **SIGURÐUR GEIRSSON**
> ÁHUGALJÓSMYNDARI

Sigurður veit dæmi þess að tveggja ára myndavél hafi verið tekin af atvinnuljósmyndara því að hann hafi ekki haft kvittanir meðferðis. Lárus Karl Ingason, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, kannast ekki við að þetta sé vandamál. Hann segir að ekkert muni um að vera með tækjatryggingu og tækjalista í vasanum en þetta mál verði rætt á næsta stjórnarfundi. Tollverðir hafa samkvæmt lögum ríkar heimildir til að fylgjast með því sem komið er með inn í landið. **ghs@frettabladid.is**

Sinopharm í Kína:

# Nýtir prótín úr byggi í lyf

**VIÐSKIPTI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var í gær viðstaddur undirritun samninga milli líftæknifyrirtækisins ORF og stærsta lyfjafyrirtækis Kína, Sinopharm. Kínverska fyrirtækið mun nýta sér prótín sem ORF framleiðir úr byggi en sú aðferð opnar nýja möguleika í lyfjaframleiðslu og þróun lyfja.

Forsetinn sagði samninginn fela í sér mikla viðurkenningu fyrir vísindasamfélagið á Íslandi, rannsóknir íslenskra háskólamanna og árangursríkt samstarf íslenskra sérfræðinga við alþjóðleg rannsóknarsetur. **- ghs**

Skáksamband Íslands:

# Íslandsmeistari í sjötta sinn

**ÍÞRÓTTIR Guðlaug Þorsteinsdóttir sigraði í þriðju skák einvígis síns og Hallgerðar Helgu Þorsteinsdóttur sem fram fór í gær. Með því tryggði hún sér sinn sjötta Íslandsmeistaratitil í skák. Guðlaug varð fyrst Íslandsmeistari 1975 þegar mótið var haldið í fyrsta sinn.**



GUÐLAUG ÞORSTEINSDÓTTIR

**Hallgerður, sem er aðeins 14 ára, verður því að bíða eitthvað lengur eftir sínum fyrsta titli en í tilkynningu frá Skáksambandi Íslands segir að frammistaða hennar á Íslandsmótinu hafi vakið mikla athygli þar sem hún hafi slegið mörgum þrautreyndum landsliðskonum við. Þrátt fyrir mikla leikni náði hún þó ekki að skáka Guðlaugu í þetta skipti. - kdk**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÍÐAST ÞURRT Í DAG**

Enda þótt víða þykkni upp á landinu þegar líður á daginn á ég ekki von á úrkomu. Á morgun hins vegar verða snjó- eða slydduél á norðaustan- og austanverðu landinu og á miðvikudag gengur myndarlegt úrkomusvæði yfir landið með nokkrum vindi. Mér sýnist á öllu að úrkoman verði fremur lítil á Norðausturlandi en á hinn boginn gæti hún fallið sem snjór þar enda hitinn ekki hár.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Austanátt, 3- 8 m/s. Þykknar upp með morgninum. Hiti 4-7 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C hálfskýjað | London | 18°C léttskýjað | Friedrichshafen | 19°C léttskýjað |
| Billund | 14°C hálfskýjað | París | 19°C hálfskýjað | Lúxemborg | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 11°C hálfskýjað | Amsterdam | 16°C léttskýjað | Alicante | 24°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 12°C hálfskýjað | Frankfurt | 18°C hálfskýjað | Róm | 24°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 13°C heiðskírt | Berlín | 15°C hálfskýjað | Las Palmas | 26°C alskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# HVÍTT ER LITURINN

ÞEGAR VANDA ÞARF VALIÐ HLÝTUR **SAMSUNG** AÐ KOMA UPP Í HUGANN



## 19" SAMSUNG ER TILVALIÐ Í ELDHÚSIÐ

*Jamie Oliver alltaf skemmtilegur.*

**19" LCD sjónvarpstæki**
Samsung LE19R71BX

12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 2000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI, Component, SCART x 2,
Einnig fáanlegt svart

**FRÁBÆRT VERÐ: 64.900 kr.**



## 32" SAMSUNG Í SVEFNHERBERGIÐ

*Glæsilegt og rómantískt.*

**32" LCD sjónvarpstæki**
Samsung LE40R32WDX

Digital sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 8000:1
Mynd í mynd (1 tuner)
3 HDMI, Component
SCART x 2,
Einnig fáanlegt svart

**FRÁBÆRT VERÐ: 149.900 kr.**




## 40" SAMSUNG STÍLHREINT Í STOFUNA

*Frábær upplifun.*

**40" LCD sjónvarpstæki**
Samsung LE40R86WDX

Digital sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 8000:1
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
3 HDMI, Component
SCART x 2,
Einnig fáanlegt svart

**FRÁBÆRT VERÐ: 249.900,- kr.**

TOPP GÆÐI Á FRÁBÆRU VERÐI
Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.

ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | RADIONAUST-AKUREYRI | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 464 1515 |

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú farið á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík?*

| | |
|---|---|
| Já | 8% |
| Nei | 92% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Bjarni Ármannsson að láta kaup sín í REI ganga til baka?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Jóna Fanney Friðriksdóttir verður framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna:

# Bæjarstjóri söðlar um

**SVEITARSTJÓRNIR** Jóna Fanney Friðriksdóttir, bæjarstjóri á Blönduósi, hefur sagt upp starfi sínu. Hún hyggst söðla um í orðsins fyllstu merkingu og verða framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna, sem haldið verður á Gaddstaðaflötum við Hellu í júlí á næsta ári.

„Ég hef verið í hestamennsku í sumarfríunum mínum, farið með ferðamenn yfir Kjöl og haft mjög gaman af. Það verður því ánægjulegt að fást við hestamennskuna af meiri alvöru," segir hún.

Jóna Fanney hefur verið bæjarstjóri á Blönduósi í fimm og hálft ár. Þótt hún hafi ekki áhuga á bæjarstjórastöðunni lengur kveðst hún ekki ætla að segja alfarið skilið við bæjarpólitíkina á Blönduósi heldur halda áfram sem bæjarfulltrúi.

„Mér bauðst þetta nýja starf og fannst það spennandi. Það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt," segir Jóna sem sér einnig fram á að geta varið meiri tíma með manni og börnum eftir breytingarnar.

„Þetta verður hörkuvinna en það stendur líka alltaf til að eiga meiri tíma með fjölskyldunni," segir hún. **- kdk**



**JÓNA FANNEY FRIÐRIKSDÓTTIR** Lætur af stöðu bæjarstjóra á Blönduósi en verður framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR HÖRÐUR

Misþyrmingar í Svíþjóð:

# Unglingur lést af sárum sínum

**SVÍÞJÓÐ Unglingspiltur, sem misþyrmt var af unglingagengi í Stokkhólmi á föstudagskvöldið, lést í gær.**

**Hann hefði orðið sautján ára í dag. Pilturinn komst aldrei aftur til meðvitundar eftir að hafa legið í einn og hálfan sólarhring á sjúkrahúsi.**

**Fimm unglingar, sem allir eru fæddir árið 1991, eru grunaðir um að hafa gengið í skrokk á drengnum. Svíar eru slegnir eftir atburðinn, að sögn vefútgáfu Aftonbladet, og hafa sænsk blöð birt myndir af blómum og kertum á gangstéttinni þar sem ódæðið var unnið.** **- ghs**




# Hlutverk NATO hefur þrengst síðan 2001

**Á þriðja degi NATO-þingsins var þróun hlutverks NATO og framtíð til umræðu. Fengu þingfulltrúar að heyra að hlutverk bandalagsins hefði þrengst til muna á síðustu árum. Tengslin yfir Atlantshafið myndu haldast en margt gæti spillt fyrir þeim.**

**NATO-ÞING** Frá því árið 2001 – þegar hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin voru gerðar – hefur hlutverk Atlantshafsbandalagsins þrengst niður í að vera fyrst og fremst stofnun sem leggur fram herlið til að framfylgja markmiðum aðallega langt utan landamæra Evrópu. Þetta fengu meðlimir öryggis- og varnarmálanefndar Þingmannasambands NATO að heyra á þriðja degi ársfundar þess í Laugardalshöll í gær, í framsöguerindi breska öryggismálasérfræðingsins Alyson J.K. Bailes sem nú starfar sem gestakennari við Háskóla Íslands.

Bailes sagðist eiga erfitt með að koma auga á þá hlið hins nýja NATO sem framfylgdi „mýkri" stefnumiðum – sem krefðust pólitískra aðgerða frekar en hernaðarlegra – eða stuðlaði að umbótum til að mynda í nýfrjálsum ríkjum. Á sama tíma hefði nýtt „hnattrænt bardagahlutverk" bandalagsins orðið æ meira áberandi, ásamt hinni stanslausu baráttu gegn nýjum óvinum á borð við hryðjuverkaöfl og ólöglegri sölu vopnabúnaðar milli landa.

Reyndar segir Bailes að þar sem ógnir nútímans séu að svo mörgu leyti þess eðlis að þau kalla frekar á borgaralegan viðbúnað fari hlutverk Evrópusambandsins í öryggismálum vaxandi, sem aftur geri tengsl ESB og NATO mjög mikilvæg.

Gott dæmi um það hversu mjög starf NATO takmarkist nú orðið við að bregðast við þróun sem bandalagið hefði sjálft ekki átt neitt frumkvæði að sé hvernig það hafi þurft að bregðast við viðbrögðum Rússa við því sem var í raun tvíhliða ákvörðun milli vissra aðildarríkja bandalagsins varðandi uppsetningu eldflaugavarnastöðva í austanverðri Mið-Evrópu. Vísaði Bailes þar til beiðni Bandaríkjastjórnar um að fá að setja upp skotstöð fyrir gagneldflaugar í Póllandi og ratsjárstöð fyrir sama kerfi í Tékklandi. Ýjaði Bailes þannig að því að Bandaríkjastjórn græfi undan vægi Atlantshafsbandalagsins sem stofnunar með því að fara sínu fram í tvíhliða samskiptum við valin aðildarríki í stað þess að ræða málin fyrst á vettvangi bandalagsins sjálfs.

Um horfurnar á þróun samstarfsins yfir Atlantshafið á næstu árum segir Bailes að ástæða sé bæði til bjartsýni og áhyggna. Þörf á samstöðu bandalagsþjóðanna yrði áfram rík og því myndi NATO lifa sem stofnun. Spurningin væri hins vegar hvort tengslin yfir hafið yrðu góð eða slæm. Þar varaði hún við nokkrum óveðursskýjum sem spillt gætu fyrir; nefndi hún þar fyrst hugsanlega hernaðarárás Bandaríkjanna á Íran, þá upplausn íraska ríkisins sem Bandaríkjamönnum yrði kennt um, og loks ef Bandaríkjamenn grípa til meiri háttar aðgerða gegn Rússum eða gera við þá tvíhliða samkomulag alveg framhjá evrópskum NATO-bandamönnum sínum. **audunn@frettabladid.is**




**SEGIR BLIKUR Á LOFTI** Alyson J.K. Bailes í pallborði á fundi NATO-þingsins í gær. Hún varar við að tengslin yfir Atlantshafið gætu lent í meiri ólgusjó á næstu árum. LJÓSMYND/HILDUR GRÓA




Óeirðirnar vegna ungdómshúss í Kaupmannahöfn:

# Hundruðum handtekinna sleppt

**DANMÖRK, AP** Hundruð ungmenna, sem handtekin voru eftir slagsmál við lögreglu á götum Kaupmannahafnar á laugardag, hafa verið látin laus en margir hinna handteknu eiga ákæru yfir höfði sér vegna ofbeldisins. Frá þessu greindu lögregluyfirvöld í Kaupmannahöfn í gær.

Slagsmálin upphófust á laugardag er lögregla aftraði þúsundum ungmenna frá því að ryðjast til inngöngu í tóma byggingu í norðvesturhluta borgarinnar sem unga fólkið vill fá afnot af í stað Ungdómshússins svonefnda sem rifið var á Norðurbrú í vor. Mótmælendurnir kveiktu elda og reyndu að klifra yfir lögreglubíla sem lokuðu götunni. Þá skaut lögreglan táragasi að mótmælendum og allt fór í bál og brand.

Alls voru 437 manns handteknir á laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags, að því er Flemming Steen Munch, talsmaður Kaupmannahafnarlögreglunnar, greindi frá í gær. Enginn meiddist að hans sögn.

Flestir hinna handteknu voru Danir en í hópnum voru líka Þjóðverjar, Svíar, Finnar, Norðmenn, Bretar, Spánverjar og fólk af fleiri þjóðernum. **- aa**



**437 HANDTEKNIR** Frá slagsmálunum á laugardagskvöld. MYND/AP


GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
Veldu það besta!
VELDA
Nýjar glæsilegar leðurhúsgagnalínur
Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best
Rafmagnsrúm
í úrvali
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum
SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Dalsbraut 1
Svefn & heilsa
AKUREYRI
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Listhúsinu Laugardal
Svefn & heilsa
REYKJAVÍK
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Í hvaða flokki gætir sérstakrar óánægju með framgöngu Björns Inga Hrafnssonar við samruna REI og Geysis Green Energy?*

**2** *Hvernig ljós kveiktu Húsvíkingar í rafmagnsleysi í vikunni?*

**3** *Hverjir líkjast Eiríki Haukssyni söngvara?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Úrskurðarnefnd segir áhöld um lögmæti byggingarleyfis frá Kópavogsbæ:

# Umdeildur bílskúr settur í bið

**STJÓRNSÝSLA** Bygging bílskúrs við Fífuhvamm í Kópavogi hefur verið stöðvuð af Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Hjón sem búa í næsta húsi við manninn sem er að byggja umræddan bílskúr kærðu Kópavogsbæ fyrir að veita byggingarleyfi fyrir bílskúrnum sem á að vera nánast á lóðamörkum milli húsanna. Í viðtali við Fréttablaðið 10. september sögðu hjónin að þeim liði eins og að „keyrt hefði verið yfir þau á trukki“ í málinu. Gagnrýndu þau meðal annars staðsetningu bílskúrsins og stærð hans auk þess sem grafið yrði undan rótarkerfi stórra aspa sem standa í jaðri lóðar þeirra.

Í bráðabirgðaúrskurði úrskurðarnefndarinnar segir að ákvörðun um að veita leyfi fyrir bílskúrnum hafi ekki verið byggð á grenndarkynningu sem gerð hafi verið að rökstuðningi byggingarnefndar með tilliti til trjánna á lóðamörkunum væri stórlega áfátt. Þá væri ekkert skjalfest um þá staðhæfingu skipulagsyfirvalda að komið hefði verið á samkomulag milli nágrannanna. Veruleg óvissa væri um að byggingarleyfið væri lögmætt og framkvæmdir við skúrinn því stöðvaðar á meðan úrskurðarnefndin taki málið til endanlegrar meðferðar. Ennfremur var lagt fyrir bæjaryfirvöld að tryggja öryggi á staðnum á meðan stöðvunin er í gildi. **- gar**


Saka Kópavogsbæ um valdníðslu

**FRÉTTABLAÐIÐ 10. SEPTEMBER** Hjón í Fífuhvammi sögðu fyrirhugaðan bílskúr nágrannans rýra kosti eignar sinnar.

Afmæla minnst í Moskvu:

## Ár frá morðinu á Politkovskaju

**RÚSSLAND, AP Nokkur hundruð stjórnarandstæðingar söfnuðust saman í Moskvu í gær, er rétt ár var liðið frá morðinu á blaðakonunni Önnu Politkovskaju, sem hafði bakað sér óvild Kremlverja með gagnrýnum skrifum. Á sama tíma fylktu 10.000 liðsmenn ungliðahreyfingar stjórnarflokksins liði til að fagna 55 ára afmæli Vladimírs Pútín forseta.**

**Fólkið sem minntist morðsins á Politkovskaju, umkringt lögreglu, kom upp minningarskildi og lagði blómsveig við innganginn að blokkinni þar sem blaðakonan bjó og var skotin til bana. - aa**


## Hvað er svona skemmtilegt við það?

**Prófanir á skemmtanagildi við notkun hugbúnaðar**

Dr. Janet Read flytur fyrirlesturinn *Hvað er svona skemmtilegt við það? Prófanir á skemmtanagildi við notkun hugbúnaðar* í Háskólanum í Reykjavík, Kringlunni 1, stofu K5 miðvikudaginn **10. október nk. kl. 12:10 - 12:55.**



Nú á tímum er ríkari áhersla lögð á að hugbúnaðurinn sé spennandi og skemmtilegur. Í þessum fyrirlestri er skemmtanagildi skoðað út frá fræðilegu sjónarmiði og kynnt verður hvernig hægt er að mæla skemmtanagildi hugbúnaðarins. Einnig verður rætt um hvernig skemmtanagildi og önnur skyld hugtök eru að þróast við hönnun hugbúnaðar þar sem áhersla er annars vegar á nytsemi og hins vegar á upplifun notenda.

Dr. Janet Read er dósent við University of Central Lancashire í Bretlandi. Hún stýrir þar rannsóknarsetri um viðmótshönnun og prófanir á hugbúnaði fyrir börn (www.chici.org) og kennir námskeið í viðmótshönnun og notendamiðaðri hugbúnaðargerð við skólann.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið




**FAGNA KJÖRI** Stuðningsmenn Musharrafs fagna kjöri hans í Islamabad um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Uppnám í Pakistan eftir forsetakjör

**Pervez Musharraf hershöfðingi var endurkjörinn forseti Pakistans í atkvæðagreiðslu á þingi um helgina. Þrátt fyrir það er vald hans í uppnámi uns hæstiréttur landsins hefur kveðið upp úrskurð um hvort hann hafi verið kjörgengur.**

**PAKISTAN, AP** Stjórnmál í Pakistan voru í uppnámi í gær, daginn eftir að Pervez Musharraf var endurkjörinn forseti með yfirgnæfandi meirihluta í atkvæðagreiðslu á þingi, en úrskurðar hæstaréttar landsins er beðið um það hvort Musharraf hafi verið löglega kjörgengur.

Atkvæðagreiðsluna á laugardag sniðgengu margir þingmenn stjórnarandstöðunnar í mótmælaskyni við að Musharraf skyldi ekki hafa orðið við kröfum um að segja fyrst af sér sem yfirmaður hersins áður en forsetakjörið færi fram.

Minnst tíu dagar eru sagðir í að hæstiréttur kveði upp úrskurð sinn í málinu og annað hvort staðfesti kjör Musharrafs eða lýsi kjör hans ógilt.

Margir stjórnmálaskýrendur kveðast efast um að dómararnir muni dirfast að dæma hershöfðingjann frá völdum. En í dagblaðinu The Nation, sem gefið er út í Lahore, segir í leiðara að ríkisstjórnin geti ekki gefið sér að dómstólarnir fari að vilja hennar.

Hæstiréttur hafði áður vísað frá ýmsum andmælum gegn kjörgengi Musharrafs, sem flest byggðu á tilvísun í stjórnarskrárákvæði sem útilokar embættismenn ríkisins frá framboði í opinber embætti sem kosið er í. En þótt dómstóllinn hefði nýjar kærur til umfjöllunar úrskurðaði hann á föstudag að kosningunum skyldi ekki frestað. Ekki yrði þó hægt að lýsa niðurstöðuna gilda fyrr en úrskurðað hefði verið í nýjustu kærumálunum.

Bandamenn Musharrafs á þingi hugguðu sig þó við að dómstóllinn skyldihafaheimilaðaðkosningarnar færu fram nú í stað þess að láta þær bíða fram yfir þingkosningar í janúar, en víst þykir að í þeim vinni andstæðingar Musharrafs mikið á. Musharraf hefur reynt að tryggja völd sín eftir þann tíma með samningum við útlæga leiðtoga stjórnarandstöðunnar, fyrrverandi forsætisráðherrana Benazir Bhutto og Nawaz Sharif. Musharraf, sem rændi völdum árið 1999, segir það vera hagsmuni þjóðarinnar að hann sitji áfram sem forseti til að tryggja friðsamleg skipti yfir í borgaralega stjórn og til að hvergi verði slegið af í baráttunni gegn öfgaöflum í landinu. Herinn á í stöðugum erjum við íslamska öfgamenn, stuðningsmenn talibana, einkum í héruðunum næst landamærunum að Afganistan. audunn@frettabladid.is


## Góð ávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins

Þegar þú ráðstafar lífeyrissparnaði þínum er mikilvægt að hafa í huga að góð ávöxtun er lykilþáttur í verðmætamyndun hans. Hjá Íslenska lífeyrissjóðnum getur þú verið viss um að sparnaðurinn er í góðum höndum reyndra starfsmanna og nýtur góðrar ávöxtunar hvort sem litið er til lengri eða skemmri tíma.

**Hafðu samband við ráðgjafa okkar í 410 4040 og fáðu nánari upplýsingar um Íslenska lífeyrissjóðinn.**

Landsbankinn




Nafnávöxtun á ársgrundvelli miðast við 31. júlí 2007.

# Stór góð sjónvörp



## 42PT85
42" Plasma
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz

**199.900**



**169.900**

## 42PC52
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms



**249.900**

## 50PC1D
50" Plasma
Upplausn
1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
Stafrænn móttakari



**259.900**

### 42LY95
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms



**199.900**

### 37LF65
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms



**219.900**

### 42LC2D
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari



**189.900**

### 37LC2D
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
Svartími 8 ms
Stafrænn móttakari



**179.900**

### 42LC51
42" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms



**135.900**

### 37LC51
37" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms



**105.900**

### 26LC51
26" LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms

## RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG Life's Good



**MATARVEISLA** Íraskir sjíar setjast að veisluborði hlöðnu kræsingum í heilögu borginni Najaf eftir að hafa fastað til heiðurs píslarvottinum Inam Ali. Sjíar minnast þriggja daga þjáningar Ali árlega. NORDICPHOTOS/AFP

Vísindaleg rannsóknarefni sem koma fólki til að hlæja verðlaunuð í Harvard:

# Grín-nóbelsverðlaunin afhent

**BOSTON, AP** Flugþreyta hamstra á stinningarlyfjum, sprengja sem gerir hermenn samkynhneigða og botnlaus súpuskál eru meðal vísindalegra rannsóknarefna sem hlutu hin vafasömu Ig-nóbelsverðlaun í ár sem eru veitt fyrir „afrek sem koma fólki til að hlæja í fyrstu en síðan til að hugsa“.

Verðlaunahafar hinna eiginlegu nóbelsverðlauna sáu um að afhenda Ig-nóbelsverðlaun sem voru veitt í tíu flokkum.

Ekki eru peningaverðlaun í boði heldur handgerður verðlaunagripur, viðurkenning og heiður. Á afhendingarathöfninni í Harvard-háskóla á fimmtudagskvöld hélt aðalræðumaður kvöldsins tveggja mínútna ræðu þar sem einungis orðið „kjúklingur“ kom fyrir.

Ákveðið var að verðlauna vísindamenn við argentískan háskóla sem fundu út að hamstrar á stinningarlyfjum voru helmingi fljótari að jafna sig á sex klukkustunda tímamun eftir að hafa ferðast milli tímabelta.

Ig-nóbelsverðlaunin í næringarfræði hlaut prófessor við Cornell-háskóla sem sýndi fram á að fólk borðaði 73 prósentum meira úr súpuskál sem var fyllt jafnóðum með slöngum sem lágu í hana.

Friðarverðlaun Ig-nóbelsins hlaut Bandaríkjaher fyrir tillögu um að þróa „hýra sprengju“ efnavopn sem myndi láta óvini vilja njóta ásta hver með öðrum frekar en að ráðast á aðra. Enginn fékkst þó til að veita þeim verðlaunum viðtöku. - sdg



**VERÐLAUNAGRIPURINN** Grínrit í Harvard stendur að verðlaununum sem hafa verið afhent frá árinu 1991. NORDICPHOTOS/AFP

Ákært fyrir ævisögu:

## Talin brot á friðhelgi einkalífs

**FINNLAND Finnski saksóknarinn Simo Kolehmainen hefur ákveðið að fara í dómsmál gegn Susan Kuronen, fyrrverandi unnustu finnska forsætisráðherrans Matti Vanhanens, útgáfufyrirtækinu Etukeno og eiganda þess, Kari Ojala, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.**

**Þremenningarnir eru ákærðir fyrir að hafa brotið gegn lögum um friðhelgi einkalífsins með útgáfu bókarinnar Unnusta forsætisráðherrans sem Kuronen skrifaði. Í henni segir Kuronen frá sambandi sínu við Vanhanen en bókin kom út í fyrra og vakti mikla athygli.**

**Útgefandinn Ojala telur ákæruna ógn við tjáningarfrelsið og segir að verði þau dæmd verði ekki lengur hægt að gefa út ævisögur í Finnlandi.** - ghs

Skipulagsstofnun hefur veitt álit sitt á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers í Helguvík:

# Hefur ekki óafturkræf áhrif

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað álver Norðuráls Helguvík sf. muni ekki valda verulega neikvæðum eða óafturkræfum áhrifum á umhverfi eða samfélag á Suðurnesjum. Þetta er mat stofnunarinnar á umhverfisáhrifum 250.000 tonna álvers í Helguvík, með fyrirvara um umhverfisáhrif tengdra framkvæmda.

Skipulagsstofnun bendir á að þeir virkjunarkostir sem Hitaveita Suðurnesja hyggst nýta vegna fyrsta áfanga álversins eiga eftir að fara í umfjöllun samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og suma á einnig eftir að fjalla um samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Sveitarfélögin þurfi að huga vel að þessari stöðu þegar kemur að leyfisveitingum.

Skipulagsstofnun telur að vegna óvissu um flutningsleiðir raforku þurfi sveitarfélögin að huga að því hvort bíða eigi með leyfisveitingar fyrir byggingu álversins þar til niðurstaða liggur fyrir.

Fyrirhugaður rekstur í Helguvík er háður lögum um losun gróðurhúsalofttegunda og telur Skipulagsstofnun að áður en Norðuráli Helguvík sf. verður veitt framkvæmda- og byggingarleyfi þurfi að liggja fyrir hvort fyrirtækið fær þá losunarheimild sem það þarf eða það hafi sýnt fram á hvernig losun gróðurhúsalofttegunda verði mætt. - shá



**HELGUVÍK** Fyrirhugað álver eins og það gæti litið út fullbyggt.


Velgengni í mismunandi myndum.
Þitt er valið.

BMW 3 línan
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure




Ertu að leita þér að sportlegum lúxusbíl fyrir þig og vinnuna? Viltu færast nær sólinni, veginum og frelsinu - með blæjuna niðri og vindinn einan að förunaut. Vantar þig meira rými svo að áhugamálin komist fyrir í bílnum. Eða langar þig til að upplifa ósvikna akstursánægju eins og hún gerist best. BMW 3 línan stendur undir væntingum í ótal myndum og rúmlega það. Komdu í reynsluakstur og upplifðu alla kosti BMW 3 línunnar af eigin raun.

BMW 318 Advantage kr. 3.810.000
BMW 320 Exclusive kr. 4.290.000
BMW 325xi xDrive Prestige Edition kr. 5.900.000

Advantage, Exclusive og Prestige edition eru aukahlutapakkar sem gerir glæsilega BMW 3 línu enn glæsilegri. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum í síma 575 1210.

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Nýnasistar í Svíþjóð:

## Eyðilögðu erótískar ljósmyndir

**SVÍÞJÓÐ** Sjö ljósmyndir voru eyðilagðar á ljósmyndasýningu Andres Serrano í Kulturen safninu í Lundi í Svíþjóð í síðustu viku.

Myndirnar voru af karlmönnum og þóttu erótískar, og hafa nýnasistar lýst ábyrgð skemmdarverkanna á hendur sér.

Nýnasistarnir réðust inn í safnið með lambhúshettur á höfði og axir og önnur vopn og eyðilögðu myndirnar.

Nýnasistarnir birtu yfirlýsingu á vefsíðu sinni þar sem meðal annars kom fram að þeim hefði ekki líkað myndefnið.

- ghs



**LÍKAMSLEIFAR** Átta þúsund múslímar frá Srebrenica voru kerfisbundið myrtir í áhlaupi hers Bosníu-Serba árið 1995. NORDICPHOTOS/AFP

Fórnarlömb þjóðarmorðs:

## Enn ein fjöldagröfin í Bosníu

**BOSNÍA, AP** Á þremur vikum hafa 126 lík verið grafin upp úr fjöldagröf fórnarlamba blóðbaðsins við bæinn Srebrenica árið 1995.

Fjöldagröfin er sú þriðja sem finnst við bæinn Zeleni Jadar og sú tólfta sem finnst í austurhluta Bosníu. Talið er að hún hafi að geyma allt að 150 lík, að sögn Fatimu Hadzibeganovic saksóknara.

Hadzibeganovic segir gögn sem fundust í gröfinni benda skýrt til að þetta hafi verið óbreyttir borgarar úr röðum múslima sem voru myrtir af Bosníu-Serbum.

- sdg

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Bílar fuku af vegi í illviðri

Tveir bílar fuku út af veginum í Fagradal, milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar, í fyrrakvöld. Ekki urðu slys á fólki en annar bíllinn skemmdist mikið.









**ALPAHORN** Maður í svissneskum þjóðbúningi blés sem mest hann mátti í forláta alpahorn í bandarísku borginni New York til að skapa rétta andrúmsloftið við tilraun svissnesks fyrirtækis til að búa til stærsta ostafondú sem sést hefur utan Sviss. NORDICPHOTOS/AFP

Mögulegar viðræður milli herforingjastjórnar og stjórnarandstöðuleiðtoga:

# Sögulegt tækifæri fyrir Búrma

**BÚRMA, AP** „Þetta er tími sögulegs tækifæris fyrir Búrma,“ sagði Ibrahim Gambari, sendifulltrúi Sameinuðu þjóðanna í Búrma, þegar hann greindi öryggisráði SÞ frá fjögurra daga heimsókn sinni til Búrma í vikunni vegna harðra aðgerða stjórnvalda við að berja niður friðsöm mótmæli gegn herforingjastjórninni.

Gambari sagðist tiltölulega bjartsýnn á að leiðtogi herforingjastjórnarinnar í Búrma, Than Shwe hershöfðingi, væri reiðubúinn til viðræðna við stjórnarandstöðuleiðtogann og stofufangann Aung San Suu Kyi með ákveðnum skilyrðum. Kallaði hann eftir „hámarks sveigjanleika“ til að koma viðræðunum á sem fyrst.

Gambari sagðist þó ekki hafa fengið að hitta nein flokkssystkini Suu Kyi né fulltrúa munka og nemenda sem fóru fyrir mótmælunum sem voru þau mestu gegn herforingjastjórninni í Búrma frá árinu 1988.

Herforingjastjórnin lýsti í gær yfir að 500 munkar hefðu verið handteknir og að búið væri að sleppa öllum nema 109. Sagði einnig að leit stæði yfir að fjórum munkum sem leiddu mótmælin. Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri SÞ, ítrekaði í gær að „valdbeiting gegn friðsömum mótmælendum er viðurstyggileg og óásættanleg“. - sdg



**MUNKAR HLUSTA** Búrmneskir munkar sátu meðal áhorfenda á fundi öryggisráðsins í New York í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Samtök atvinnulífsins:

## Fjölgun öryrkja hefur mikil áhrif á vinnumarkað

**VINNUMARKAÐUR** Há örorkutíðni undanfarin ár hefur orðið til þess að Íslendingum á vinnumarkaði fjölgar lítið. Frá þessu er greint í nýrri samantekt Samtaka atvinnulífsins.

Örorkulífeyrisþegar voru 13.200 í lok árs 2006, um átta prósent vinnuafls. Segir í samantektinni að fjöldi nýrra örorkumatsúrskurða hafi veruleg fjárhagsleg áhrif á gjöld og skuldbindingar ríkissjóðs og lífeyrissjóða og að þörf fyrir erlent vinnuafl skýrist meðal annars af fjölgun öryrkja. - kdk

Margrét Sverrisdóttir um FF:

## Undrast ekki erjur í flokknum

**STJÓRNMÁL** „Það er hver höndin uppi á móti annarri þarna, enda átti ég aldrei von á að menn gætu gengið í takt með bæði Jón Magnússon og Kristin H. innanborðs.“ Þetta segir Margrét Sverrisdóttir, fyrrum framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins.



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**

Nokkuð hefur gengið á innan flokksins eftir að Sigurjón Þórðarson var ekki ráðinn framkvæmdastjóri flokksins.

Margrét minnir á ummæli flokksformannsins um tilraunir hans til að koma í veg fyrir að flokkurinn legði upp laupana, en óvíst væri hvort þær gengju upp.

Þau ummæli segi sína sögu. - kóþ



**TOMBÓLA** Birgitta, Ísabella og Bergþóra.

Söfnuðu pening á tombólu:

## Gáfu SKB tæpar tíu þúsund

**FÓLK Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna (SKB) barst nýlega peningagjöf að upphæð 9.850 krónur.**

**Þrjár stúlur höfðu safnað peningum á tombólu fyrir utan verslunina 10-11 í Hafnarfirði.**

**Stúlkurnar heita Birgitta, Ísabella og Bergþóra og eru félagsmenn í SKB þeim afar þakklátir fyrir stuðninginn að því er kemur fram í tilkynningu.** - eb



**KIRKJUSTRÆTI** Vonarstræti 12 verður flutt á horn Kirkjustrætis og Tjarnargötu og Skjaldbreið, sem er annað hús frá hægri gert upp. Gömlu húsin standa fremst við götuna en nýbyggingar aftar líkt og Skálinn gerir nú.

# Alþingi á sama reit

**Færa á alla starfsemi Alþingis á svonefndan Alþingisreit. Efnt var til samkeppni um nýbyggingu á svæðinu árið 1985 og bar Sigurður Helgason sigur úr býtum. 22 árum síðar kynnti forseti Alþingis nýja tillögu að deiliskipulagi reitsins.**

**SKIPULAGSMÁL** Forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, hefur kynnt breytt deiliskipulag á svonefndum Alþingisreit, þar sem áætlanir eru um að koma allri starfsemi Alþingis fyrir. Sátt ríkir nú loks um málið og framundan er frekari greining á verkefninu, að sögn Sturlu. Enn sem komið er liggur hvorki fyrir kostnaðaráætlun né tímaáætlun fyrir framkvæmdina.

„Ég vil hrósa forseta Alþingis fyrir að hafa haft frumkvæði að viðræðum við hagsmunaaðila. Ég tel að um stórsigur í skipulagsmálum í Reykjavíkurborg sé að ræða,“ sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, á kynningarfundi á dögunum.

Rætt var við hagsmunaaðila í málinu vegna athugasemda sem komu fram við auglýsta tillögu fyrr á árinu og segir Sturla að í meginatriðum verði komið til móts við athugasemdirnar. Flestar lutu að niðurrifi hússins Skjaldbreiðar og tilfærslu Vonarstrætis 12 á horn Tjarnargötu og Kirkjustrætis.

Í nýju skipulagstillögunni leggur Alþingi til að Vonarstræti 12 standi þannig við Kirkjustræti að meginframhlið þess verði í línu við eldri hús í götunni. Þá mun Skjaldbreið verða endurbyggð í upprunalegri mynd og hluti nýbyggingar verði lægri en áður var áformað.

Nýbyggingin, sem áformað er að reisa bak við húsin við Kirkjustræti og meðfram Tjarnargötu og Vonarstræti, verður 7.100 fermetrar á stærð. Húsin á reitnum verða tengd með glerbrú á annarri hæð húsanna. Þá verður gerður 1.900 fermetra bílakjallari undir nýbyggingunni fyrir 75 bifreiðar. Framkvæmdin mun gera Alþingi mögulegt að losa rúmlega 4.000 fermetra leiguhúsnæði við Austurstræti, en Alþingi greiðir árlega um átta milljónir króna í húsaleigu, og selja húsið Þórshamar við Templarasund.

Tillögurnar voru unnar í samráði við Reykjavíkurborg og bíða þær nú afgreiðslu borgarinnar. Við tekur hönnun nýbyggingarinnar, viðgerðir og flutningur gömlu húsanna og fornleifaathugun á byggingarreitnum. eva@frettabladid.is

Áhyggjur umhverfisráðherra:

## Úrgangur Svía til Sellafield

**UMHVERFISMÁL Sænsk stjórnvöld ætla að senda fimm tonn af kjarnorkuúrgangi til eyðingar í Sellafield endurvinnslustöðinni í Englandi.**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

**Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur sent sænskum starfsbróður sínum bréf og lýst yfir áhyggjum vegna ákvörðunarinnar.**

**Í bréfi Þórunnar segir að íslensk stjórnvöld óttist að þessar aðgerðir grafi undan kröfu Íslendinga og fleiri þjóða um að endurvinnslustöðinni verði lokað, auki hættu á mengunarslysi og sendi röng skilaboð um meðhöndlun á kjarnorkuúrgangi. Heppilegra væri að úrgangurinn yrði grafinn í Svíþjóð.** - bj

Vinnueftirlitið:

## Fyrirmyndarfyrirtækja leitað

**VINNUMARKAÐUR** Vinnueftirlitið óskar eftir ábendingum um fyrirmyndar-fyrirtæki í tengslum við Vinnuverndarvikuna 2007, Hæfilegt álag er heilsu best. Fyrirhugað er að veita þeim viðurkenningu sem standa sig vel í að skapa góðar vinnuaðstæður þar sem álag við vinnu er heppilegt og breytilegt.

Horfa skal til áhættumats varðandi álag á hreyfi- og stoðkerfið með þátttöku starfsmanna, áætlun um forvarnir og heilsuvernd, fræðslu og þjálfun í góðri líkamsbeitingu og vinnutækni og notkun hjálpartækja svo dæmi séu nefnd.

Ábendingar má senda á gudmundur@ver.is fyrir 15. október. - ghs


**Bónus opnar verslun í Garðabæ**

Í LOK OKTÓBER OPNAR **BÓNUS** NÝJA VERSLUN Á MÓTI IKEA Í **GARÐABÆ.**

**OKKUR VANTAR STARFSFÓLK:**

**Starfsmenn við áfyllingu í búð:** Vinnutími frá kl. 8.

**Starfsmaður í vörumóttöku:** Vinnutími kl. 8 til 14 alla virka daga.

**Yfirmaður á kassasvæði:** Vinnutími samkomulag, frá kl. 8 eða frá kl. 11.

**Starfsfólk til afgreiðslu á kassa:**
Vinnutími frá 11 til 19.30 og annan hvern laugardag eða sunnudag.

**Fólk í aukavinnu,** seinni hluta dags og um helgar.

BÓNUS®

Fyrsta verslun **BÓNUS** var opnuð í 400 fermetra húsnæði við Skútuvog laugardaginn 8. apríl 1989. Jóhannes Jónsson kaupmaður sagði í viðtali við DV við þetta tækifæri: „Verslunin nefnist **BÓNUS** og dregur nafn sitt af þeim afslætti sem veittur verður af öllum vörum.”
Starfsmenn BÓNUS eru í dag 800 í 24 verslunum.

Áhugasamir hafi samband við starfsmannastjóra í **588-8699** eða sæki um á **bonus.is**.

BÓNUS

**Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur kynnir:**

# Critical Success Factors in Entrepreneurship

## Ráðstefna um lykilþætti árangurs í nýsköpun og stofnun fyrirtækja

## Nordica 10. október 2007

**Kenneth P. Morse** *er raðfrumkvöðull og framkvæmdastjóri frumkvöðlaseturs MIT háskóla í Boston. Kenneth hefur undanfarna áratugi spilað lykilhlutverk í stofnun fimm hátækni- og þekkingarfyrirtækja í Bandaríkjunum. Sem framkvæmdastjóri frumkvöðlaseturs MIT hefur hann undanfarin áratug borið þungann af þjálfun og kennslu frumkvöðla úr öllum deildum skólans, sem er einn sá allra fremsti í heiminum á þessu sviði. Kenneth, sem hefur ferðast víða um heiminn og haldið fyrirlestra, verið ráðgjafi stjórnenda, stjórnvalda og fyrirtækja, er stórskemmtilegur fyrirlesari sem vert er að taka eftir.*

Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi er og mun áfram verða drifkraftur íslensks atvinnulífs. Jafnt innan fyrirtækja sem og við stofnun nýrra fyrirtækja.

Innovit býður Íslendingum nú einstakt tækfæri til að fræðast um lykilþætti til árangurs þegar kemur að stofnun þekkingarfyrirtækja í fremstu röð. Kenneth P. Morse, einn helsti sérfræðingur heims á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi mun í fyrsta sinn halda fyrirlestur hér á landi auk þess sem íslenskir frumkvöðlar munu miðla sinni reynslu.



| | |
|---|---|
| 8.00 | Skráning og morgunverður |
| 8:30 | **Össur Skarphéðinsson**<br>Iðnaðarráðherra |
| 8:40 | **Kenneth P. Morse**<br>Raðfrumkvöðull og framkvæmdastjóri frumkvöðlaseturs MIT háskóla |
| 9:30 | **Andri Heiðar Kristinsson**<br>Stofnandi og framkvæmdastjóri Innovit |
| 9:50 | **Prófessor Þorsteinn Ingi Sigfússon**<br>Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands |
| 10:10 | Kaffihlé |
| 10:30 | **Hilmar Veigar Pétursson**<br>Forstjóri CCP |
| 11:00 | **Prófessor Jón Atli Benediktsson**<br>Þróunarstjóri Háskóla Íslands og einn stofnenda líftæknifyrirtækisins Oxymap |
| 11:30 | **Dr. Gísli Hjálmtýsson**<br>Framkvæmdastjóri Brú Venture Capital og handhafi yfir 20 einkaleyfa |
| 12:00 | **Dr. Svafa Grönfeldt**<br>Rektor Háskólans í Reykjavík og einn af stofnendum Gallup á Íslandi |
| 12:30 | Hádegisverður |
| | Ráðstefnustjóri er Helga Arnardóttir, fréttamaður |










**Miðasala er á www.midi.is:**

**9.850 kr.** Almennt verð

**2.850 kr.** Fyrir alla nemendur í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og viðskiptafræðideild Háskólans á Bifröst.

**innovit**

*Innovit er sjálfstætt starfandi nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir ungt, kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir.*
*www.innovit.is*

Nýsköpunarfjölskylda Innovit

Landsbankinn · SI Samtök iðnaðarins · Nýsköpunarsjóður · Háskóli Íslands · Háskólinn í Reykjavík Reykjavik University · Háskólinn á Bifröst Bifröst University

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vaxandi ofbeldi á Íslandi:

## Nauðsynlegt að spyrna við fæti

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Margt í íslensku samfélagi hefur breyst til bóta undanfarna áratugi. Aldrei hefur menntunarstig þjóðarinnar verið jafnhátt og nú og almenn velmegun meiri.

Ytri skilyrði þeirra barna sem nú eru að vaxa úr grasi eru að ýmsu leyti betri en áður. Skólar hafa breyst og miðast starf þeirra nú í auknum mæli að því að mæta börnunum á þeirra forsendum og styrkja frumkvæði þeirra.

Ýmislegt annað hefur breyst til bóta og má þar nefna að þeir sem nú eru að vaxa úr grasi eru ólíklegri til að reykja og til að hafa hafið áfengisneyslu á grunnskólaaldri en foreldrar þeirra.

Því miður er það þó þannig að unga fólkið sem er að feta sín fyrstu skref í fullorðinslífinu er líklegra bæði til að beita ofbeldi og verða fyrir því en ungt fólk var fyrir nokkrum áratugum, jafnvel algerlega að tilefnislausu.

Í frétt blaðsins um helgina kom fram að komum á slysadeild Landspítalans vegna ofbeldisáverka hefur fjölgað um 35 prósent á aðeins níu árum, eða síðan 1998. Oft er um alvarlega ofbeldisáverka að ræða, svo alvarlega að í um tíu prósentum tilvika eru fórnarlömb ofbeldisins lögð inn á legudeild til frekari aðhlynningar eftir komuna á slysadeild. Karlmenn á aldrinum 15 til 24 ára eru 70 prósent þessara fórnarlamba.

Hvað er það sem fær ungan mann til að veitast að öðrum og beita hann alvarlegu ofbeldi, af litlu eða engu tilefni? Gerir þetta unga fólk sér ekki grein fyrir afleiðingum ofbeldisins eða ber það ekki virðingu fyrir náunga sínum?

Sjálfsagt kemur hvort tveggja til en velta má fyrir sér ástæðu þess að þetta unga fólk hikar ekki við að láta hendur skipta, skerist í odda, og ekki bara það heldur virðist ekki fengist um hugsanlegar afleiðingar ofbeldisins. Getur verið að það hafi sjálft skort virðingu í æsku, að þó að ytri aðstæður hafi að mörgu leyti verið góðar hafi gæðastundir í faðmi fjölskyldu verið af skornum skammti? Getur verið að virðingarleysi fyrir náunganum í tali milli fullorðinna síist inn í undirmeðvitund þeirra sem eru ungir og óharðnaðir? Getur verið að hagsældin sé of dýru verði keypt, að uppalendur ættu að verja meiri tíma með börnum sínum en minni til að afla tekna til heimilisins?

Sömuleiðis má velta fyrir sér áhrifum ofbeldis í sjónvarpi, bíói og tölvuleikjum. Barn sem trakterað er með slíku efni hlýtur að þurfa aðstoð sér þroskaðra fólks til að vinna úr því. Það verður að tala við börnin og gera þeim grein fyrir að svona er lífið ekki og á ekki undir nokkrum kringumstæðum að vera.

Það er ekki nóg að lögreglan sé sýnilegri en áður í miðborg Reykjavíkur þar sem höfuðvettvangur ofbeldisins er, þótt það sé vissulega góðra gjalda vert. Á þessu verður að vinna alls staðar þar sem börn og ungt fólk er, á öllum skólastigum og í frístundastarfi með börnum og unglingum, en vitanlega fyrst og fremst á heimilunum þar sem hið eiginlega uppeldi á að fara fram.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson og Kristján Hjálmarsson **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þögnin**

Orð talskonu Stígamóta í Kompási 18. september þess efnis að prestar, stjórnmálamenn og læknar væru meðal þeirra sem beitt hefðu börn kynferðislegu ofbeldi voru athyglisverð. Annað veifið stígur fólk fram – oftast í skjóli nafnleyndar – og segir menn í æðstu valdastöðum ýmist leita til vændiskvenna eða nota ólögleg fíkniefni. Jafnan er lítið mark tekið á slíkum orðum. Talskona Stígamóta hefur hins vegar vigt í samfélaginu, það er hlustað á orð hennar. Því er athyglisvert að forvígismenn nefndra stétta sitji þegjandi undir yfirlýsingunum.



**Nýir tímar?**

Íslenskir stjórnmálamenn hafa ekki alltaf látið grundvallaratriði þvælast fyrir sér um of. Í REI málinu virðist þó grundvallaratriði vera leiðarljós sex borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í andófinu gegn borgarstjóranum. Þeir segja það ekki samrýmast grundvelli sjálfstæðisstefnunnar að opinber apparöt séu í samkeppni, Alveg sama þótt sú samkeppni sé í Filippseyjum. Djúpvitrir stjórnmálaskýrendur götunnar eru ekki fyllilega sannfærðir um að þessi nýtilkomna prinsippmennska ráði för og spyrja sjálfa sig hvort einleikir Vilhjálms í málinu séu nú notaðir til að koma á hann höggi.

**Hneigðu þig fyrir fyrirtækinu**

REI er sjálfsagt orð vikunnar enda mál málanna síðustu daga. Til upprifjunar skal minnt á að þetta er skammstöfun fyrir Reykjavík Energy Invest. En orðið hefur ýmsar merkingar. Á japönsku þýðir það til dæmis „hneigðu þig“ og merkingar þess í latínu eru nokkrar. Útleggst það til dæmis sem „hlutur“, „fyrirtæki“ og „eign“ og getur líka þýtt „sá seki“ eða „syndgarinn“.



bjorn@frettabladid.is

# Margt að ugga



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Staða íslenskunnar

Í sumar heyrðist stundum merkilegt lag í útvarpinu með hljómsveitinni Hjaltalín. Maður tók strax eftir því út af sérkennilegum hljómi, grípandi laglínu og knýjandi takti. Það heitir Goodbye July/Margt að ugga og ég veit ekkert um hvað það er. En þegar ég heyrði það fannst mér það vera vitnisburður um stöðu íslenskunnar.

**Tvítyngd list**

Það er sungið á ensku, alþjóðamáli poppsins, lýtalausri, áreynslulausri, hreimlausri, sérkennalausri – svona ensku sem hljómar eins og nýlegur bíll. Og ég veit ekkert um hvað það er: maður tekur ekki eftir neinum orðum í textanum sem sunginn er af ungum karlmanni nema þessum: „goodbye July/ my name is Elaine“ – eða „vertu bless júlí, Elín heiti ég“. Svo er lagið búið. En þá kemur eins og eftirmáli: óumræðilega tregafull kvenrödd syngur við undurblíðar strengjastrokur hina kunnu vísu Þórðar Magnússonar frá Strjúgi: „Við skulum ekki hafa hátt / hér er margt að ugga / ég hef heyrt í alla nátt / andardrátt á glugga.“

En vísan er hins vegar ekki sungin sem samhangandi merkingarheild heldur eru línurnar úr henni sungnar á stangli ein og ein, eins og dróttkvæði eða púslumynd. Það er eins og merking vísunnar hafi splundrast og orðin úr henni svífi um stök og rótlaus í dapurlegu tómarúmi.

Með öðrum orðum: íslenskan er eins og exótískt skraut í laginu – hún er effekt. Vísnahefðin íslenska er hér eins og lopapeysumunstur á háskólabol. Hún er ekki merkingarbær í sjálfri sér.

Svona er þetta. Það eru meira en fjörutíu ár síðan íslenskir popparar fóru að reyna fyrst að syngja á ensku og lengi var útkoman bæði álappaleg og merkingarlaus. Þannig er það ekki lengur. Lagið Goodbye July/Margt að ugga er dæmi um þá tvítyngdu list sem kann að vera skammt undan.

**Enginn afsláttur?**

Svona er þetta. Í Mogganum í gær var samantekt á umræðunni sem vaknaði í kjölfar eindreginnar kröfu viðskiptafræðinga á öllum vígstöðvum, frá Versló og til varaformanns Samfylkingarinnar, um að enskan fái viðurkenndari sess og meira lögmæti á Íslandi en verið hefur. Þar er m.a. talað við Svöfu Grönfeldt rektor HR, en sá skóli hefur verið í fararbroddi þessarar herferðar þar sem virðist gert ráð fyrir því að „þarfir viðskiptalífsins“ séu á einhvern hátt mikilvægari en þarfir þjóðlífsins almennt. Þar ræðir Svafa um nauðsyn þess að gera ensku hærra undir höfði en er líka ræktarsöm við gamla málið: „við munum ekki gefa neinn afslátt á íslenzkunni,“ er þar haft eftir henni, með zetu og alles.

Sannkölluð málræktarkona. En hvaða afsláttartal er þetta? Er íslensk tunga þá varningur og til sölu – en aðeins gegn fullu verði?

Svöfu er náttúrlega tamt að grípa til viðmiða úr heimi viðskipta. Og henni þykir ef til vill vænt um íslenskuna eins og skattholið hennar langömmu. Í hennar huga er íslenskan gersemi sem aldrei verður veittur afsláttur á, djásn og dýr eftir því. Samkvæmt þessum hugsunarhætti er íslenskan fínerí; viðhafnarmál, helst geymd í bankahólfi.

En mætti ekki allt eins segja að það eigi einmitt sífellt að gefa afslátt á íslenskunni – sífellt að vera með tilboð í gangi? Sé íslenskan á markaði – á hún þá ekki að vera sífellt föl? Sífellt sveigjanleg? Sífellt opin fyrir orðum eins og „að dánlóda“ og „gemsi“? Sífellt að bjóða sig: sími og tölva eru ekki bara miklu smartari orð en telefónn og kompúter heldur líka miklu snaggaralegri, maður sparar tíma þegar maður segir þau...

Og nýyrðabauk Íslendinga – sú árátta að smíða orð um fyrirbærin í heiminum jafnóðum og þau verða til – hefur áreiðanlega hjálpað þeim að átta sig á vélum heimsins. Nýyrði er tilraun til að fanga kjarna fyrirbærisins í eitt orð, og þar með ná valdi á því, vegna þess að áður en þú getur búið til orð um það verðurðu að skilja það. Endurnýjunarmáttur íslenskunnar á 20. öldinni reyndist miklu meiri en fólk óraði fyrir: málið er svo ótrúlega frjótt; íslenskan reyndist furðu sveigjanlegt tungumál og yfirgripsmikið og hefur til þessa lagað sig að nýjum og nýjum veruleika fyrirhafnarlítið.

Hér er margt að ugga. Þegar tungumál hverfur þá hverfur með því heill heimur, hugsunarháttur, horf við veruleikanum og sögunni, verklag, heil siðmenning – auðlegð. Heimurinn verður fátækari og mannkynið ofurlítið heimskara.

Viðskiptafræðingarnir mega svo sem tala sína business-english ef þeir aðhyllast svo fábrotna tjáningu en ef þeir vilja vera með í samfélaginu og halda áfram að njóta ávaxta þess þá verða þeir að tala íslensku við okkur hin.

# *Afnemum námsgagnakostnað*

**UMRÆÐAN**

Málefni framhaldsskólanna



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Framhaldsskólinn gegnir mikilvægu lykilhlutverki í skólakerfinu. Þótt hann sé ekki hluti af skólaskyldu er brýnt að hlúa vel að honum og gefa öllum jafnan kost á að stunda framhaldsskólanám. Innritunargjöld og mikill kostnaður við námsbækur á þátt í því að það sitja ekki allir við sama borð, efnahagur getur ráðið því hvort ungt fólk á kost á framhaldsskólagöngu eða ekki. Brottfall nemenda úr framhaldsskólum er einnig vandamál hér og mun hærra hlutfall framhaldsskólanemenda hættir námi á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þessu þarf að breyta.

Töluverð umræða fór fram í aðdraganda alþingiskosninganna um menntamál. Framhaldsskólinn fór ekki varhluta af þeirri umræðu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð lagði mikla áherslu á menntamálin og vann ítarlega menntastefnu sem kynnt var í kosningabaráttunni. Þar var tekin afdráttarlaus afstaða til skólagjalda og kostnaðar við námsgögn í framhaldsskólum en þar segir m.a.: „Vandað og fjölbreytt framhaldsskólanám á að standa öllum til boða óháð efnahag eða öðrum aðstæðum. Því á ekki að taka skólagjöld fyrir framhaldsskólanám. Ennfremur eiga nemendur að hafa aðgang að námsbókum og öðrum námsgögnum sér að kostnaðarlausu.“ Sambærileg markmið rötuðu inn í kosningastefnuskrá annarra flokka. Til dæmis lagði Samfylkingin mikið kapp á ókeypis námsgögn í framhaldsskólum og gaf kosningaloforð um það. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gefið fyrirheit um áfanga í þessa átt þótt orðalagið sé raunar heldur rýrt í roðinu, en þar segir: „,... og nemendur í framhaldsskólum fái stuðning til kaupa á námsgögnum“.

Við Vinstri græn teljum það mikilvægt jafnréttismál að allir geti stundað framhaldsskólanám án tillits til efnahags. Þess vegna höfum við lagt til á Alþingi að innritunargjöld og kennslukostnaður verði felldur niður og jafnframt að verði skýrt kveðið á um að kostnaður við námsgögn sé hluti af rekstrarkostnaði framhaldsskóla. Í ljósi þess að það virtist víðtækur stuðningur við þetta brýna málefni þegar flokkarnir stóðu í kosningabaráttu fyrir fáum mánuðum, má gera ráð fyrir að frumvarpið fái góðan hljómgrunn á Alþingi. Að minnsta kosti mun koma í ljós hvaða flokkar eru samkvæmir sjálfum sér og hverjir ekki.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*



# Tölvunám haustið 2007
# Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE Authorized Centre Select

Microsoft CERTIFIED Partner

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

*Kennslugreinar:*

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 60 stundir/40 klukkustundir. Kennt fjóra daga í viku kl. 13:00-16:00.
**Verð**: 59.900 *Hefst 5. nóvember*

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stundir/60 klukkust.
**Verð**: 79.900. Morgunám hefst 23. október

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir.

Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst.
**Verð**: 16.900 - *kvöld- og dagnámskeið*

### Excel I, II og III

Vertu betri með því að velja Excel námskeið hjá okkur. Við erum með ítarlegasta grunnámið og kraftmikið framhaldsnám.

**► Excel I: Almenn töflureiknisnotkun**

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Námskeið sem er jafnt fyrir byrjendur og lengra komna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 24.500

**► Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotkun**

Kraftmikið námskeið fyrir þá sem hafa notað Excel um tíma og þekkja vel grunninn. Bætt er verulega við þekkingu á flóknari föllum, listavinnslu, pivot töflum, myndritagerð, samtengingu skjala, gagnagrunnsfyrirspurnum og fleiru.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 29.900

**► Excel IIb: Fjármálastjórn, bókhald og endurskoðun**

Yfirgripsmikið framhaldsnámskeið sniðið að þeim sem vinna við fjármál fyrirtækja, endurskoðun og bókhald. Áhersla er lögð á söfnun og úrvinnslu gagna úr bókhaldskerfum með tengingu, viðskiptaföll, veltitöflur (Pivot) og framsetningu flókinna myndrita.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 36.500

**► Excel III: Fjölvar og forritun með VBA**

Nám fyrir þá sem vilja vera fremstir í Excel. Láttu Excel vinna fyrir þig, búðu til fjölva, þín eigin föll og alls konar sérlausnir með því að læra að forrita Excel á einfaldan og auðskilinn hátt.

**Lengd**: 32 stundir/21 klst. **Verð**: 45.900

### Vefsmíði og grafík



Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop og Flash til þess að læra að búa til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

**► Flash margmiðlun**

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 24.900

**► Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík**

Skemmtilegt nám um vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 29.900

**► DreamWeaver vefsíðugerð**

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 29.900

### Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900 staðgr.
Kennt má./mi./fö. 9:00-12:30. Hefst 5. nóv.

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

**● Byrjendanámskeið**

- Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
- Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows Vista fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

**● Access**

- Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
- Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
- Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*

**● Word**

- Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
- Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
- Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
- Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

**● Excel**

- Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
- Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
- Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
- Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
- Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

**● PowerPoint**

- PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
- PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • *8 stund/8.900*
- PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
- PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

**● Outlook**

- Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
- Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
- Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

**● Publisher**

- Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

**● Vefsíðugerð**

- DreamWeaver 8 vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
- Microsoft Expression Web • *27 stundir/verð 29.900*
- Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

**● Myndvinnsla og grafík**

- Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
- Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
- Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 29.900*
- Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
- Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

**● Windows**

- Windows XP framhaldsnámskeið • *9 st./verð 12.900*

**● Verkefna- og tímastjórnun**

- PRINCE2 verkefnastjórnun • *18 stundir/verð 49.900*
- Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
- Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

*Ný námskeið eru merkt með rauðum lit*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi** Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

**SIGOURNEY WEAVER KVIKMYNDALEIKKONA ER 58 ÁRA.**

*„Það er sjaldgæft að allt gangi að óskum á sama tíma í lífinu.“*

***Sigourney Weaver var ein fyrsta kvenhasarhetjan þegar hún lék í kvikmyndinni Alien eftir Ridley Scott.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 8. OKTÓBER 1910

## *Mönnum rænt á Breiðafirði*

Enskur togari sem var á veiðum í landhelgi rændi sýslumanni Barðstrendinga, Guðmundi Björnssyni og hreppstjóranum Snæbirni Kristjánssyni, sjósóknara í Hergilsey, þennan dag árið 1910 og flutti þá til Englands. Guðmundur og Snæbjörn voru á leið frá Flatey til Stykkishólms með flóabátnum Varanger er sást til togarans Chieftain með vörpuna úti. Varanger sigldi upp að hlið togarans og Guðmundur og Snæbjörn stukku um borð. Hettuklæddur maður með öxi gerði sig líklegan til að ráðast að sýslumanni en hann tók í kaskeiti sitt og bauð góðan dag. Snæbjörn hótaði honum hins vegar með járnstöng. Hettumaðurinn reynist vera skipstjóri togarans. Hann þverneitaði að vera sekur um landhelgisbrot, bauð Íslendingunum að ganga frá borði en er þeir þáðu það ekki sigldi hann með þá til Englands. Á leiðinni lærðu þeir fjölda spilaþrauta af skipverjum.

Skipstjórinn var leystur frá störfum þegar hann kom til heimahafnar í Hull en Guðmundur og Snæbjörn fengu far til Íslands með togaranum Snorra Sturlusyni og komust heim til sín eftir 17 daga útivist. Þóttu þeir hafa farið frægðarför.



**GUÐMUNDUR BJÖRNSSON SÝSLUMAÐUR OG SNÆBJÖRN KRISTJÁNSSON HREPPSTJÓRI**
Mynd/Úr kortasafni Ragnheiðar Viggósdóttur

**Heimild/Ísland í aldanna rás**

## MERKISATBURÐIR

**1720** Skriða fellur úr Vatnsdalsfjalli í Austur-Húnavatnssýslu á bæinn Bjarnastaði og sex manns farast.

**1871** Eldsvoði í Chicago eyðileggur 17.450 byggingar. 250 manns láta lífið og 90.000 manns missa heimili sín.

**1966** Bandaríkjastjórn lýsir því yfir að LSD sé hættulegt og ólöglegt efni.

**1969** Peter Ustinov leikskáld kemur til Íslands til að vera við frumsýningu á Betur má ef duga skal í Þjóðleikhúsinu.

**1970** Sovéski rithöfundurinn Alexander Solzhenitsyn hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels.

**1994** Breski dægurlagasöngvarinn Donovan skemmtir í Þjóðleikhúskjallaranum.

## AFMÆLI



**HELGI TÓMASSON** ballettstjóri er 65 ára í dag.



**BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR** lögfræðingur er 47 ára í dag.




## 25 ára afmæli

**Þorvaldur Heiðar Guðmundsson**

25 ára.

Sæl öll, vinir og vandamenn! Ég á 25 ára afmæli í dag. Ég ákvað að sleppa veisluhöldum þar sem ég er bara fátækur námsmaður en endilega sláið samt á þráðinn til mín og kastið á mig kveðju í síma: 695-4267. Plís!!





†

*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, langafa, langalangafa, bróður og mágs,*

**Sigurðar Jónssonar**
Hjallabraut 33, Hafnarfirði
áður Flókagötu 16a, Reykjavík,

verður gerð frá Hjallakirkju í Kópavogi, miðvikudaginn 10. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins eða Krabbameinsfélagið.

**Helga Sigríður Ólafsdóttir**
**Jón Ólafur Sigurðsson** — **Ragnheiður Þórðardóttir**
**Guðný Sjöfn Sigurðardóttir**
**Þórarinn Sigurðsson**
**Sigurður Þór Jónsson** — **Erla Sigfúsdóttir**
**Guðni Jónsson** — **Elín Jóhannesdóttir**
**Bjarki Már Jónsson** — **Birgitta Sif Jónsdóttir**
**Ingólfur Freyr Þórarinsson**
**Hannes Berg Þórarinsson**
**Svanhildur Jónsdóttir Svane** — **Gunnar O. Svane**
**langafabörn og langalangafabarn.**





†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana Sigurðardóttir**
áður til heimilis að Arahólum 4,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 8. október nk. kl. 13.00.

**Elísabet Kristinsdóttir** — **Guðmundur Sveinsson**
**Sigríður Sigurðardóttir** — **Jóhann Vilbergsson**
**Reynir Sigurðsson** — **Sigríður Bragadóttir**
**Hlín Sigurðardóttir** — **Gísli Jónsson**
**Júlíana Sigurðardóttir** — **Hannes Pétursson**
**barnabörn og langömmubörn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**
Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



**FORMAÐUR** „Það ætti að vera til annar kostur við rekstur hins opinbera,“ segir Birna Jónsdóttir sem hefur mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig hægt sé að bæta aðstæður í heilbrigðiskerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BIRNA JÓNSDÓTTIR: KJÖRIN FORMAÐUR LÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

# Fyrsta konan í níutíu ár

Í fyrsta sinn í níutíu ára sögu Læknafélags Íslands situr kona í formannsstólnum. Birna Jónsdóttir er þó ekki ókunn starfi samtakanna enda hefur hún starfað þar í sex ár sem gjaldkeri. „Ég hef alltaf haft áhuga á félagsmálum og stjórnun,“ segir Birna sem bæði sat í stjórn í menntaskóla og í stúdentaráði í háskóla. „Ég hef á síðustu sex árum séð þau verkefni sem koma inn á borð hjá stéttarfélagi eins og læknafélaginu en þau mál ganga sum hver árum saman. Því dýpra sem maður sekkur í málin því athyglisverðari verða þau,“ segir Birna og bætir við að það gleðji sig mjög að félagar hennar í Læknafélaginu treysti henni sem talsmanni sínum.

Birna er röntgenlæknir og hefur í fimmtán ár rekið, ásamt fleirum, fyrirtækið Röntgen Domus Medica. Hún hefur mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig hægt sé að bæta aðstæður í heilbrigðiskerfinu. „Það ætti að vera til annar valkostur við rekstur hins opinbera í heilbrigðiskerfinu,“ segir Birna með áherslu og telur að sérstaklega eftir að sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð ætti að vera til sjúkrahúsrekstur sem sé í höndum annarra en hins opinbera til mótvægis við opinberan rekstur. „Mér finnst mjög slæmt að hafa einokun í einhverjum rekstri,“ segir Birna. Máli sínu til stuðnings nefnir hún Háskólann í Reykjavík sem hafi örvað Háskóla Íslands, þá hafi Fréttablaðið örvað Morgunblaðið líkt og Stöð 2 Ríkissjónvarpið.

„Heilbrigðismál eru vandasöm og flókin og það er bæði betra að vera sjúklingur sem hefur valkost og starfsmaður.“

Birna tekur þó skýrt fram að hún vilji áfram hafa almannatryggingakerfið en að tryggingarnar eigi að gefa kost á því að kaupa þjónustu af fleirum en ríkinu.

„Mér finnst afskaplega slæmt þegar eitt ráðuneyti, eins og heilbrigðisráðuneytið, á að ákveða hvaða þjónustu eigi að veita, framkvæmi hana sjálft og fylgist svo með sjálfu sér hvernig gengur,“ segir Birna sem er fullviss þess að margir aðrir læknar séu á sama máli og hún sjálf.

Birna hefur ákveðið að gera formannsstarfið að sínu aðalstarfi og mun því draga úr vinnu hjá Röntgen Domus Medica. Hún mun þó reyna að sinna sínum hugðarefnum í frístundum sem eru hannyrðir og bókalestur en hún segist forfallinn lestrarhestur. Þetta þykir henni best að stunda í sumarbústaðnum, þá oft umvafin fjölskyldu sinni sem er æði stór en Birna á fimm börn og átta barnabörn.

**solveig@frettabladid.is**




## Björgunarskóli þrítugur

Björgunarskóli Landsbjargar átti þrítugsafmæli fyrir skemmstu og hélt upp á það með því að taka nýtt skráningakerfi í notkun og kaupa fjarfundabúnað. Skólinn hefur haldið uppi öflugu fræðslustarfi fyrir félaga í samtökunum og aðra landsmenn. Á hverju ári eru haldin um 180 námskeið um allt land og er fjöldi þátttakenda um 3.500 manns ár hvert.

# Háskóli hafsins

Framtíðarsýn Háskólaseturs Vestfjarða verður kynnt í dag í Vestra-Húsinu á Ísafirði. Markmiðið er að verða Háskóli hafsins, að sögn Mörthu L. Marthensdóttur, þjónustu- og kennslustjóra, sem segir staðbundið meistaranám verða í boði. Hún segir einnig að þegar hafi verið mótuð námsleið í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólann á Akureyri sem eigi að fara af stað haustið 2008.

Fleiri slíkar námsleiðir séu í undirbúningi og frumgreinanám hefjist í háskólasetrinu í janúar 2008.

Kynningin er öllum opin og hefst klukkan 15.30. Léttar veitingar verða í boði að henni lokinni.



**Sunnlenska** bókakaffið á Austurvegi 22 Selfossi hélt upp á ársafmæli sitt síðasta laugardag. Bókakaffið er bæði kaffihús og bókaverslun og hefur verið lagður metnaður í að þar fáist allir nýútkomnir íslenskir titlar en einnig mikið úrval eldri bóka.



**Hljóðfærahúsið** hefur flutt sig af Laugaveginum í Síðumúla 20 og opnað þar í rúmgóðum og glæsilegum húsakynnum, svo jaðrar við byltingu fyrir hljóðfæraunnendur. Er verslunin nú með þeim stærri á Norðurlöndum og skiptist í nokkar deildir.

**Prjónanámskeið** fyrir byrjendur er haldið í Gerðubergi á mánudagskvöldum frá 1. október til 22. október. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru óvanir að prjóna og er markmiðið að leiða nemendur í gegnum undirstöðuatriði og auka færni þeirra.








Guðrún og Þorbjörg voru fegnar hjálp Akureyringa við flutningana þegar frúin fór í nýtt húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Frúin komin í nýjan ham

***Bæjarbúar tóku fúsir þátt í flutningum þegar Frúin í Hamborg flutti sig um set á Akureyri.***

„Við fluttum í nýtt húsnæði á Akureyrarvöku síðastliðið sumar eftir fjögur ár á Ráðhústorgi. Af því tilefni vorum við með sérstakan gjörning sem við nefndum Flutningar frúarinnar þar sem uppáklædd frúin var fremst í flokki. Síðan var hún með þjónustufólkið sitt sem hélt á hinu og þessu úr búðinni. Eftir það var arkað frá gamla staðnum upp göngugötuna og að nýju húsnæði við rætur listagilsins,“ segir Guðrún Jónsdóttir, sem er eigandi verslunarinnar ásamt Þorbjörgu Halldórsdóttur.

Um áttatíu manns tóku þátt í flutningunum og að sögn Guðrúnar voru þátttakendur á aldrinum tveggja ára til sextugs.

Nýja húsnæðið er með góðu útsýni yfir Pollinn á Akureyri og að sögn Guðrúnar hefur Frúin sérherbergi fyrir föt, plötur, dúka og bróderí ásamt hönnunarherbergi.

„Við erum með umboð fyrir Spúútnik og erum líka með hönnun Jóns Sæmundar og Nakta apans. Eins eru krakkar sem eru að byrja í hönnun að koma með eina og eina flík,“ segir Guðrún og heldur áfram: „Síðan höfum við verið að gera línu sjálfar undir nafninu Frúin í ham. Þá er bæði verið að breyta gömlum kjólum og gera nýja hluti eins og töskur, púða og póstkort.“

Að sögn Guðrúnar kemur fólk á öllum aldri í heimsókn til Frúarinnar en ekki jafnmikið af eldra fólki og áður. „Við vorum á svo áberandi stað á Ráðhústorginu nálægt bönkum og svona. Þá kom oft gamla fólkið við þegar það var að ná sér í aur í bankann. Núna höfum við hins vegar nóg af bílastæðum og erum í nágrenni við veitingastaðinn Bautann, Hótel Kea og kirkjuna,“ segir Guðrún.

Fólk er mikið fyrir að blanda saman gömlu og nýju og Guðrún segir margt ungt fólk vilja eitthvað gamalt í nýjan búskap. „Þegar fólk kemur inn í nýtt hús sem er alveg sterílt munar um gamlan stól sem afi átti til að halda aðeins í hvaðan maður kemur.“

rh@frettabladid.is






**Listaverk** sem eru búin til af heimilisfólki eru yfirleitt til mikillar prýði á heimilum auk þess sem þau hafa yfir sér einhvern sjarma sem keypta hluti skortir frekar.



















Í plötuhorninu er vínyllinn í aðalhlutverki þar sem ýmsir fotíðartónar hljóma ef lagt er við hlustir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



Fínt postulín gleður augað. Hjá Frúnni má finna mörg falleg matar- og kaffistell.

# Bróderí, vínyll og postulín

***Í krókum og kimum Frúarinnar kennir margra grasa.***

Frúin í Hamborg er meira en bara verslun. Hún er bæði listamiðstöð og byggðasafn í senn þar sem hægt er að prófa og kaupa muni með sögu og sál.

Listgjörningar, nýsköpun og hönnun er daglegt brauð hjá frúnum tveimur, Guðrúnu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur, sem velja hvern einasta hlut af kostgæfni. *rh@frettabladid.is*



Fínar frúr settu oft matarlit í fallegar flöskur inn í stofu upp á punt. Sú í Hamborg er engin undantekning og nýtur bleiki liturinn sín vel í réttri birtu.



Fínt postulín gerir settleg sunnudagsboð ennþá betri.






# Felliveggir

Hreifanlegir veggir sem opna nýja vídd.
Glæsileg og vönduð lausn. Mikil hljóðeinangrun.
Klæðskerasniðin fyrir öll rými.

MULTIWAL

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is





Þjónusta ofar öllu

RE/MAX Fasteignir

ATH VIÐ SELJUM ALLA DAGA !

HRINGDU NÚNA
699 6165

BÓAS & GUNNAR







Bóas
Sölufulltrúi
Um er að ræða 3ja herbergja 81 fm íbúð á fjörðu hæð. Íbúðin skiptist í hol með skáp. Hjónaherbergi, barnaherbergi, Eldhús með hvítri innréttingu og borðkrók. Baðherbergi með baðkari og sturtuaðstöðu. Stofan er rúmgóð með útgengi út á svalir. **Ásett verð 17,9 m.**

## 3JA HERB.

### ESKIHLÍÐ - RÚMGÓÐ ÍBÚÐ



Rúmgóð og góð 3-4ra herbergja 113,7 fm íbúð skv. FMR á annarri hæð á góðum stað í Hlíðunum. Tvö svefnherbergi, stofa, borðstofa, baðherbergi, eldhús, geymsla innan íbúðar og einnig á jarðhæð, (möguleiki að breyta borðstofu í herbergi), sameiginleg þvottaaðstaða í húsinu. **Ásett verð: 28,5 m.**

## 3JA HERB.

### NAUSTABRYGGJA/ BÍLSKÝLI



Nýtt í sölu ! vorum að hefja sölu á fallegri 3ja herbergja íbúð á 1. hæð með útgengi út á verönd og að sameiginlegum garði á góðum stað í Bryggjuhverfinu í Reykjavík. Íbúðin er með parketi og flísum, vönduðum innréttingum, stæði í bílageymslu á jarðhæð og sérgeymsla, þvottahús innaníbúðar. **Ásett verð 26,9 m.**

## 3JA HERB.

### ENGJAHLÍÐ - HF



Falleg 3ja herb. 77,5 fm íbúð á 2 hæð í 3ja hæða litlu fjölbýli á góðum stað í Setberginu. Eldhúsið er með nýjum flísum á gólfi og hvítri innréttingu, borðkrókur við inngang inn í í stofu. Stofa og borðstofa eru með nýlegu gegnheilu parketi á gólfi útgengt á suð-austur rúmgóðar svalir. **Ásett verð 21,9 m.**

## 3JA HERB.

### TÚNGATA - KEFLAVÍK



Mjög snyrtileg og rúmgóð 91 fm íbúð á jarðhæð. Komið inn í forstofu með flísum á gólfi og fataskáp. Forstofuh. er með parketi á góli. Stofan og borðst. er með parketi lagt í 45°. Eldhúsið með flísum og fallegri sprautulakkaðri innrétt. Baðh. er með flísum á gólfi og uppá veggi, hornsturtukl., vaskinnrétt. og t.f. þv.vél og þurrkara. Hjónah. er með parketi. Mjög falleg og vel með farin eign! **Ásett verð 18,2 m.**

## 2JA HERB.

### FRAMNESVEGUR - MIKIÐ ENDURNÝJAÐ



Glæsileg og mikið endurnýjuð 89 fm 2 ja-3ja herb. íbúð. Forstofa með plastparketi á gólfi sem og á allri íbúðinni. Eldhús er með nýrri hvítri háglans innréttingu, 2 stofur hægt að loka á milli. Hjónah. með hvítum háglans fatask. Baðh. er flísalagt í hólf og gólf með náttúrustein á gólfi, upphengt salerni, hvít háglans innrétt. og sturtukl. **Ásett verð 24,2 millj.**

**www.klettur.is** / sími 534 5400 **www.klettur.is** / sími 534 5400 **www.klettur.is** / sími 534 5400 **www.klettur.is**


hansgrohe
ALLEGRA CARLTON
ALLEGRA VARIARC
ALLEGRA VARIARC m. brúsu
ALLEGRA STARCK
ALLEGRA UNO
AXOR CITTERIO
ALLEGRA TALIS S
ALLEGRA ELEGANCE
ALLEGRA STEEL
ALLEGRA STEEL m. brúsu
AXOR CITTERIO semi pro
blöndunartæki og vaskar fyrir eldhús
FRANKE
STÁLVASKAR
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14-16 · 110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

**Leigusalar auglýsa frítt.**
Skráðu eignina þína á leiga.is eða hringdu í síma 534-1020.

**Leigjendur leita frítt.**

**Leiga.is býður**
✓ leit að leigjanda
✓ leigu- og tryggingaráðgjöf
✓ gerð leigusamninga fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði.

**Leiga.is**
Löggild leigumiðlun

**Snyrtilega íbúð óskast til leigu sem fyrst.**
**Óska eftir snyrtilegri 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Meðmæli, tryggingavíxill eða fyrirframgreiðsla ef óskað er. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.**
**Uppl. í s. 696 4286.**

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Miðbær, miðbær
Til leigu stór og rúmgóð íbúð á frábærum stað í bænum. Aðeins reglus. einst. kemur til greina. S. 863 3328, 864 5858, 896 4320.

## Húsnæði óskast

Fyrirtæki óskar eftir íbúð fyrir starfsmenn, allt að 5 menn. Uppl. í s. 550 1907 & adalbjorg@skandinvest.is

Ungt par með 1 barn óskar eftir 2 herb. Íbúð eða stúdíó. Greiðslugeta 70 þús. Erum reyklaus og reglusöm. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 898 3093.

## Geymsluhúsnæði

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

### Pantið tímanlega fyrir húsvagninn
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875 p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p. mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði S. 564 6500.

## Gisting

### Rjúpa
Bókaðu strax! Hótel Bjarg, Fáskrúðsfirði. Sími 899 6221.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.**
**Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskum eftir að ráða fólk í sal í kvöld- og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf. Tilvalið fyrir skólafólk.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

Kornið óskar eftir helgarstarfsfólki í nýju verslunina okkar í Ögurhvefi. Einnig vantar helgarstarfsfólk í eftirfarandi búðir: Borgartún, Lækjargata og Hjallabrekka. Góð laun í boði. 18 ára aldur æskilegur en ekki skilyrði. Uppl. í síma 864 1593, Ella.

### Aktu Taktu Skúlagötu
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

**Bakari - konditor - Konditornemi**
**Mosfellsbakarí óskar eftir að ráða bakara, konditor og nema í súkkulaði og kökugerð.**
**Áhugasamir geta haft samband við Hafliða í síma 660 2151.**

**Thorvaldsen Bar, Bistro og grill.**
**Óskar eftir vönum barþjónum og starfsfólki í sal. Þarf að hafa náð 18 ára aldri. Um er að ræða kvöld, helgarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.**
**Umsóknarfestur til 12/10 '07**
**Uppl. veitir Ásta í s. 698 8510.**

**NÝTT BAKARÍ/KAFFIHÚS HOLTAGARÐAR**
**„JÓI FEL" opnar glæsilegt bakarí og kaffihús í Holtagörðum. Okkur vantar starfsfólk í afgreiðslu.**
**Áhugasamir hafið samband við Lindu í s. 863 7579 eða á JOIFEL@JOIFEL.IS**

**Olíudreifing ehf óskar eftir að ráða vélstjóra eða handlaginn einstakling til vaktavinnustarfa í olíustöðina í Örfirisey**
**Olíustöðin Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Þar er tekið á móti stærstum hluta alls eldsneytis sem flutt er til landsins. Í birgðastöðinni er unnið á 12 tíma vöktum og felst vinnan í losun og lestun olíuskipa, afgreiðsla eldsneytis til skipa og rekstur dælubúnaðar og skilvinda.**

**Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða**
**Allar nánari upplýsingar veitir Einar Sveinn Ólafsson í síma 897 0303. Umsóknir sendist á tölvupóstfang einar@odr.is Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.odr.is**

**Matráður**
**Í Leikskólanum Ægisborg, við Ægissíðu er laus staða yfirmanns í eldhúsi.**
**Upplýsingar veitir Sigrún Birgisdóttir leikskólastjóri í síma 551 4810 & 693 9848.**

**Devitos pizza**
**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vaktavinna.**
**Uppl. í s. 697 8434.**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða**
**Óskar eftir starfsmanni í sal. Vinnutími frá kl. 11-16 alla virka daga.**
**Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is**

kynning ...sjáumst!

### Sölu-og kynningarstarf
Vegna aukinna verkefna vantar okkur framúrskarandi sölu og kynningarfólk til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Um hlutastarf er að ræða. Vinnutíminn er frá 15-19 virka daga og um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Helstu hæfniskröfur eru: Viðkomandi hafi ánægju af mannlegum samskiptum. Góða framkomu. Sé glaðvær, brosmildur, áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 ára og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband í s. 586 9000. Einnig má senda umsóknir á kynning@kynning.is

**Vesturbær Reykjavíkur**
**Óskum eftir að ráða röskt starfsfólk með ríka þjónustulund til eftirfarandi starfa:**

**1. Deildarstjóra fyrir grænmetis og ávaxtadeild okkar, afgreiðslu ofl.**

**2. Afgreiðslustörf og áfyllingar.**

**Um er að ræða heilsdagsstörf, hlutastörf (1/2 daginn eða 2-3 daga í viku)**
**Frekari uppl. gefur verslunarstjóri í s: 551-0224 og í versluninni milli kl. 9-20.**
**Melabúðin - Þín verslun, Hagamel 39, 107 Reykjavík.**
**melabudin@thinverslun.is**

### Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Á 9 tíma vaktir í 7 daga og frí í 7 daga, einnig vantar í helgarvinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 20-45 ára. Uppl. gefur Einar, s. 856 5031, milli kl. 12-18.

Óska eftir eldri barngóðri manneskju til að sjá um börn og heimili í miðri viku frá 15-20, erum í Hafnarfirði. Engin þrif. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 823 9476.

Kennari, uppeldismenntaður starfsmaður eða góður leiðbeinandi óskast í leikskóla í Kópavogi. Góð vinnuaðstaða og skemmtilegt starf í boði. Uppl. í síma 564 6266 og 863 9111.

### Verkamenn í Úlfarsfell
Duglega verkamenn vantar í byggingavinnu í Úlfarsfell S. 892 3207.

### Smiðir
Óska eftir smiðum í Úlfarsfell. Góður aðbúnaður. Upplýsingar í síma 892 3207.

### Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Smiður vanur hefðbundnum mótauppslætti óskast sem fyrst í vinnu í Kópavogi. Næg verkefni framundan. Leitað er eftir öflugum, jákvæðum og heiðarlegum starfsmönnum. Uppl. í síma 8972107.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bílstjórar, gröfumenn o.fl. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Sonur minn á afmæli í dag 8 ára...**
**Til hamingju með 8 ára afmælið litla dúllan mín...eigðu góðan dag prinsinn minn**
**Þín mamma**

## Einkamál




### 18plús.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.






**ICE FASHION**
Heildverslun óskar eftir sölufólki strax, reynsla með sölu nauðsynleg. Bíll til umráða nauðsynlegur til að byrja með.
Föst laun + prósentur og bónus.

Umsóknir sendist á ffc@simnet.is & í s. 845 7869






## Hótel Cabin óskar eftir að ráða starfsmann í gestamóttöku

Um er að ræða vaktavinnu og æskilegt er að starfsmaður sé 22 ára eða eldri

**Hæfniskröfur**
- Almenn tölvukunnátta
- Íslenska, enska og helst eitt norðurlandamál
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veita Jóna eða Jóhann í síma 511- 6030

# Hive
"ert þú hævur?"

**>> Úthringiver**
**Aukavinna með skóla**

Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma á milli 18:00-22:00, mánudaga til fimmtudaga.

Starfsmenn vinna að minnsta kosti 2 til 3 kvöld í viku og ef þú ert duglegur/dugleg og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnuumhverfi þá ert þú sá/sú sem við erum að leita að.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Aðalstein í síma 868-8187 (eftir klukkan 17:00) eða með tölvupósti á **adalsteinn@iphive.is**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Vilt þú vinna
***Þar sem Íslendingum finnst skemmtilegast að versla***

Við leitum að tveimur starfsmönnum á besta aldri til að skipta með sér starfi við afgreiðslu úr kjötborði okkar í Hagkaup vinnutími aðra vikuna frá 9-15 og hina vikuna 15-20

Nánari upplýsingar veitir Ómar í s: 6606300 eða Rúnar s:6994000

KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA
















# STUÐ MILLI STRÍÐA: Verkfæri dagsins eru kúbein og hamar

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** RÆÐST Á ÓRÆKTINA Í GARÐINUM SÍNUM



Að sjá flísina í auga náunga síns en ekki bjálkann í sínu eigin hefur reynst mörgum og ef ekki flestum auðveldara heldur en hitt. Þessi margumrædda flís getur oft á tíðum verið svo áberandi í okkar augum að það ætti ekki að vera neitt tiltökumál hjá félaganum þegar við gerum okkur líkleg til að draga hana út með töng. Sjálf snúumst við hins vegar við á punktinum þegar einhver gerir sig kláran með kúbein og vill fá að aðstoða okkur við tré-drumbinn sem stendur á áberandi hátt út úr augntóftinni.

Mannfólkinu þykir fátt jafn notalegt og að geta sest í dómarasætið sem staðsett er uppi í háum fílabeinsturni. Bent á manninn sem stendur við hliðina á okkur og alla þá skelfilegu galla sem hann hljóti að búa yfir. Sjálf jöðrum við náttúrlega við fullkomnun og teljum að þannig ætti að vera komið fram við okkur. Og eigum erfitt með að gera okkur það í hugarlund að einhver gæti verið svo illkvittinn að vilja bendla okkur við lygar, sviksemi eða aðra lesti sem mannfólkið hefur haft í heiðri síðan það lærði að standa á tveimur jafnfljótum.

Þegar sagan um Adam og Evu gekk manna á milli taldi maðurinn að hjónakornin hefðu goldið fyrir syndir sínar þegar þau voru rekin út úr Paradís forðum daga. En varla hafði almættið blikkað augunum en sköpunarverkið var farið að brjóta af sér á ný. Sama hversu mörgum borgum var eytt, hversu mikil flóð eða plágur herjuðu á mannfólkið, alltaf reis það upp reiðubúið til að syndga. Og það sem verra var, reiðubúið til að taka dómaraflautuna af dómaranum og sýna að einhver væri nú mun meiri óþokki en það sjálft. Einhver inná vellinum ætti skilið harða refsingu.

Maðurinn er dómhörð skepna sem leyfir engin mistök hjá öðrum en telur þau vera hluta af þroskaferli sínum ef hann gerir þau sjálfur. Fyrsta verkefni dagsins er því að finna stóran hamar og reyna að kroppa eitthvað úr trénu sem byrgir mér sýn.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**TÓNLIST** Hanna Dóra Sturludóttir lyftir sýningunni á hærra plan með glæsilegum leik og söng.

# Gaman og alvara

**LEIKLIST**

**Ariadne auf Naxos**

eftir Richard Strauss og Hugo von Hofmannsthal. Leikstjóri: Andreas Franz. Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky. Leikmynd: Axel Hallkell Jóhannesson. Búningar: Dýrleif Ýr Örlygsdóttir og Margrét Einarsdóttir. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson. Frumsýning í Íslensku óperunni 4. október.

★★★

Meistaraverk sett upp í slakri uppfærslu með glás af góðum söngvurum.

Stjórnandi hljómsveitarinnar í fyrsta verkefni Íslensku óperunnar á þessu hausti, Kurt Kopecky, segir frá því í leikskrá að hugmyndin að þessu verkefnavali hafi komið frá Petri Sakari hljómsveitarstjóra. Sakari boðaði forföll og stóð því ekki í gryfjunni á frumsýningarkvöldið á fimmtudag. Fyrir bragðið lenti Kopecky í því vandasama verki að stýra frumflutningi á óperu eftir Strauss hér á landi. Valið er að mörgu leyti skynsamlegt: Ariadne auf Naxos er tveggja þátta verk og blandar saman tveimur fornum greinum óperubókmenntanna, seria og buffo, alvarlegu og tragísku verki og gamanóperu. Að auki er í verkinu aragrúi athyglisverðra hlutverka svo mörgum söngvara er þar gefinn séns á bitastæðu. Nú svo er óperan skrifuð fyrir kammersveit, sviðið er aðeins eitt. Stíll tónlistarinnar er fjölbreytilegur, frá léttum blæ yfir í hádramatískan, stundum svo dramatískan að engu er líkara en um skopfærslu sé að ræða. Allavega skelltu menn upp úr í andstæðu tónmáls, texta og aðstæðna á köflum á fimmtudag.

Það þýðir þó ekki að þetta verk verði talið auðvelt í uppsetningu; það gerir miklar kröfur til leikenda og er leikstjórnarleg þraut: Auðmaður heldur veislu og kallar til tvo hópa flytjenda; annar á að flytja skemmtiefni en hinn hádramatískt verk. Á síðustu stundu er hópunum sagt að þeir verði að blanda þessu saman í eitt verk. Fyrri þátturinn rekur tildrögin að flutningnum en hinn síðari er blanda tveggja ólíkra stíltegunda. Dramatíkin í fyrri þættinum liggur í spenningi milli flokkanna tveggja en í hinum verða báðir að leika með – nánast spila af fingrum fram. Þessi forsenda heimtar af leikendum tvöfeldni í leik, sem tekur á sig kostulega mynd, einkum í fyrri hluta seinni þáttarins.

Leikstjórinn, Andreas Frans, ræður í þessari sviðsetningu ekki fyllilega við að koma þessari tvíræðni á framfæri með flokki sínum. Hann kýs að setja verkið niður á ritunartíma og velur því heldur fátæklegan búnað miðað við hinn flúraða nouveau-stíl. Þessa gætir bæði í leikmynd og ekki síst í búningum sem eru undarlega sundurgerðarlegir. Íslenska óperan hefur einfaldlega ekki efni á að leggja svo stífa tímalínu í búningum; það er ekki hægt að fylgja henni til hlítar.

Fulltrúi auðmannsins er ráðsmaður eða yfirþjónn. Þetta er talhlutverk sem leikstjóri og leikarinn, Ingvar E. Sigurðsson, kjósa að gera að gamanhlutverki; ráðsmaðurinn er fylliraftur, rétt eins og fangavörðurinn í Leðurblökunni. Fyrir bragðið kemst losaragangur, alvöruleysi að verkunum tveimur sem skeytt er saman; hann er engin ógn, samblandan óskiljanleg kvöð. Grúpperingar verða losaralegar í fyrri þættinum og erindi söngvara í leikhópunum óskýr. Sungið er á þýsku og þótt textaflutningur sé yfirleitt skýr verður merking í öðru sæti. Óperan á að láta þýða söngmál eins oft og hún getur á meðan hún býr við rímmeistara á borð við Böðvar Guðmundsson, Hallgrím Helgason, Megas og Þórarin Eldjárn. Það er ein leið til að fjölga gestum úr rétt þrem þúsundum í tíu.

Hér er saman kominn fjöldi söngvara og fyrir þá sem vilja fylgjast með íslenska söngvarahópnum er því skyldumæting á sýninguna: mér þótti reyndar óperan ekki fara almennilega í gang fyrr en Hanna Dóra Sturludóttir fékk pláss í atburðarásinni. Hún er glæsileg söngkona, fínn leikari með sterk tök á því sem hún er að gera. Þarna fór Bergþór Pálsson með lítið hlutverk tónlistarkennara og er eins og alltaf aldeilis frábær leikari. Persóna Braga Bergþórssonar var líka dregin skýrum dráttum en hlutverk þeirra beggja eru skophlutverk. Hanna verður aftur að gera raunar þrennt í einu, leika prímadonnu sem er að syngja alvarlegt hlutverk en verður stöðugt að gæta að öllum öðrum í atriðum sínum í seinni þættinum. Það var feikivel gert og ekki spillti flottur söngur hennar margslungnum leikmáta. Raunar fór svo að í lokaatriði verksins tók alvarlegri tónninn alveg yfir en var ekki nægilega undirbyggður þótt þar syngi Kolbeinn Jón Ketilsson af miklum krafti í hlutverki Bakkusar. Þrjár dísir voru prýðilega lagðar í seinni þættinum og sungnar af kómísku innsæi af þeim Hrafnhildi Björnsdóttur, Önnu Margréti Óskarsdóttur og Hallveigu Rúnarsdóttur. Gaman að þeim. Ekki var síður gaman að fylgjast með Ágústi Ólafssyni sem sindraði í öllum sínum atriðum, hvort sem hann söng eða þagði. Nú er bara að finna stóra hlutverkið fyrir þann glæsilega söngvara.

Nokkur eftirvænting ríkti um frammistöðu þeirra Guðrúnar Jóhönnu Ólafsdóttur og Arndísar Höllu Ásgeirsdóttur sem flytja hér tvö höfuðhlutverk verksins, tónskáldið og Zerbinettu. Hlutverkin eru raunar andstæður, pólar í hugmyndaheimi verksins. Það er nefnilega mikið og margt í verkið spunnið og dýpt í hugsun þess, ekki bara í tónlistinni heldur ekki síður í hugsun textans. Báðar stóðu þær stöllur sig vel í söng og miðlungsvel í leik, sem verður nokkuð að skrifast á leikstjórn; þær geta miklu betur. Hörmulegt var að heyra Guðrúnu yfirgnæfða af hljómsveit í mikilvægri aríu.

Reynslan á fimmtudagskvöldið færði manni enn heim sanninn um að Gamla bíó er orðið óperunni fjötur. Þar sást líka að óþarfi er að sækja miðlungsleikstjóra út fyrir pollinn, nær að gefa okkar fólki séns. Þá verða menn að sætta sig við fátæktina og ráðast ekki í samsull í búningum og stílfærslu í leikmynd sem þeir ráða ekki við. Það eru fjórar sýningar eftir á þessu meistaraverki. Sýningin er bjart upphaf á stjórnartíð Stefáns Baldurssonar sem verður að koma Íslensku óperunni fram um mörg skref eigi hann erindi því nógu kostum við til þessa reksturs.

**Páll Baldvin Baldvinsson**




Úrval
skrifstofuhúsgagna



**Skrifborð**
Við bjóðum vönduð og slitsterk skrifborð í miklu úrvali hvort sem um er að ræða stillanlega borðfætur eða rafmagnsstillanleg skrifborð.
- Bjóðum margar stærðir og viðartegundir.
- Hljóðlát rafdrifin hæðarstilling.
- Sérstaklega slitsterkar borðplötur.



**Fundarhúsgögn**
Bjóðum úrval af fundarstólum og fundarborðum í mörgum stærðum og gerðum. Vanir sölumenn með áralanga reynslu og þekkingu finna réttu samsetninguna. Einnig látum við sérsmíða húsgögn fyrir allar stærðir fundarherbergja.



**Skilrúm**
Hjá okkur fást þrjár grunngerðir skilrúma sem hver um sig hefur mikinn sveigjaleika í stærðum og gerðum, hvort sem um er að ræða áklæði, járn, gler eða viðartegund. Erum einnig með gott úrval af leiðslustokkum.



**Borð í móttöku**
Það er nauðsynlegt að vanda valið í móttökunni sem er yfirleitt fyrsti viðkomustaður viðskiptavina. Við bjóðum vönduð og falleg afgreiðsluborð og sérsmíðum fyrir þá sem þurfa sérstakar lausnir.



**Skermar á borð**
Skermar á milli borða þurfa ekki endilega að ná niður í gólf. Hægt er að fá skilrúm á stök borð eða á milli samliggjandi borða úr áli, gleri eða klætt með áklæði.

Byggjum á áratuga reynslu
Persónuleg og fagleg þjónusta

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 • 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánudaga - föstudaga 9:00 - 18:00

www.skrifstofa.is

kaldaljós 2007

## >EFTIRSÓKNARVERÐ BIBLÍA

Því er oft haldið fram að Biblían sé söluhæsta bók allra tíma. Ef eitthvað má marka þær heimildir sem fyrirfinnast á internetinu er það ekki allt og sumt, því þar kemur fram að Biblían er það auki sú bók sem oftast er stolið úr bókaverslunum.




# Fólk

folk@frettabladid.is

# Clooney ekki hættur að hjóla

Leikarinn George Clooney segist ekki hafa sagt skilið við akstur mótorhjóla þótt hann hafi lent í árekstri nýverið ásamt kærustunni. George, sem brákaði rifbein þegar slysið varð, segist enn fara um alla Los Angeles-borg á hjólinu sínu. „Ég hef lent í þremur slysum á þeim 30 árum sem ég hef verið á hjóli. Það er ekki svo slæmt. Ég ætla að halda áfram," segir hann.

Við sama tækifæri sagðist Clooney ekki vilja vera talsmaður málstaðar nema hann gæti algjörlega verið honum trúr. „Annars getur maður hreinlega skaðað málstaðinn. Ég hef verið beðinn um að tala fyrir hönd umhverfisverndarsinna og er sannarlega hlynntur því að halda umhverfinu hreinu og ómenguðu. Ég á tvo bíla sem ganga fyrir rafmagni en hef líka veikan blett því ég hef flogið í einkaþotum."

Clooney sagði auk þess frá því að Nicole Kidman og Michelle Pfeiffer hefðu borgað skuld sína við hann, jafngildi rúmlega 600 þúsund íslenskra króna, en stöllurnar veðjuðu við kappann að hann yrði genginn út fyrir fertugt. „Ég vann og þær borguðu. Nicole sendi ávísun. Ég sendi hana til baka og sagði henni að gefa peningana til góðgerðamála."



**ÞRJÚ SLYS Á 30 ÁRUM** George Clooney hefur ekki sagt skilið við mótorhjólið sitt þrátt fyrir að hafa lent í slysi nýverið.

# Sammi vekur athygli erlendis

Í nýjasta tölublaði tónlistartímaritsins Waxpoetics er að finna grein um básúnuleikarann Samúel Jón Samúelsson og aðra plötu hans sem ber nafnið Fnykur. Platan kom út fyrr á þessu ári en á henni stjórnar Samúel 18 manna stórsveit. Greinarhöfundur er augljóslega hrifinn og fer mikinn í lýsingum sínum sem birtast undir fyrirsögninni „Cold Chillin´ – Iceland´s Samúel Jón Samúelsson translates big band into funk".

Hann hefur greinina á að segja að tónlist stórsveita sé sjaldan frumleg heldur einungis endurtekning á því sem þegar hefur verið gert. Hins vegar sé undantekninguna að finna á Íslandi, landinu sem ól af sér Björk og Sigur Rós. Hann segir framlag Íslands til nútímatónlistar vera talsvert miðað við höfðatölu og að Samúel hafi sannarlega lagt sitt í púkkið.



**ÁSTÆÐA FYRIR ÍSLANDSHEIMSÓKN** Tímaritið Waxpoetics birti á dögunum grein um Samúel Jón Samúelsson. Þar var stórsveit hans sögð enn ein ástæða til að sækja Ísland heim.

Umfjöllunin endar á þessum orðum: „Kvenfólkið er heimsþekkt fyrir útlit sitt og landið heimsþekkt fyrir náttúrufegurð sína, fjölda fossa, jökla og virkra eldfjalla. Stórsveit Samúels er enn ein ástæða fyrir því að heimsækja land sem ég er nokkuð viss um að menn hafi alla tíð ruglað saman við Grænland."

- sók



**UNGVERSKUR SIGURVEGARI** Kvikmyndin Ferð Isku fékk Gullna Lundann, aðalverðlaun RIFF.

# Glæsileg lok RIFF

**Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík var slitið við formlega athöfn í aðalhúsi Landsbankans í Austurstræti á laugardagskvöld.**

Mikill fjöldi var samankominn þegar tilkynnt var um verðlaun hátíðarinnar en það var ungverska kvikmyndin Ferð Isku eftir Csaba Bollók sem hlaut aðalverðlaun hátíðarinnar, Gullna lundann. Hal Hartley, formaður dómnefndarinnar, tilkynnti þetta en leikstjórinn átti ekki heimangengt og gat því ekki veitt þeim viðtökum.

Danska kvikmyndin Listin að gráta í kór var sigursæl á hátíðinni en hún fékk sérstök verðlaun FIPRESCI, alþjóðlegra samtaka gagnrýnenda, auk þess sem hún hreppti hin svokölluðu kirkjuverðlaun sem biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson,afhenti.Áhorfendaverðlaunin féllu í skaut myndarinnar Stjórn eftir Anton Corbijn en hún fjallar um ævi söngvara Joy Division, Ian Curtis, sem stytti sér aldur aðeins 23 ára. Að lokum fékk El Ejido eða Lögmál hagnaðarins sérstök mannréttindaverðlaun Amnesty International en hún greinir frá skelfilegum aðbúnaði innflytjenda á Suður-Spáni sem vinna við framleiðslu matvæla.

- fgg



**KIRKJUVERÐLAUN FRÁ BISKUPI** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, veitti kvikmyndinni Listinni að gráta í kór sérstök kirkjuverðlaun kvikmyndahátíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HEIÐURSVERÐLAUN** Peter Greenaway fékk sérstök heiðursverðlaun Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík og flutti skemmtilega ræðu.


TILBOÐ
NAFNSPJÖLD
**Í LIT 500** STK.
AÐEINS

Verð án **VSK**

**4.655** KR/PK






Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda frá 29. sept. - 31. okt. 2007.

SMÁA LETRIÐ>
VIÐ GETUM EKKI SÉÐ ALLT FYRIR ÞAÐ ÞÝÐIR AÐ HUGMYNDAVINNA, TEXTAGERÐ OG GRAFÍSK HÖNNUN ERU EKKI INNIFALDAR Í VERÐI EN OKKUR FINNST GAMAN AÐ VINNA ÞETTA MEÐ ÞÉR.
SKOÐUN GAGNA SEM SEND ERU TIL OKKAR ER HELDUR EKKI INNIFALIN Í VERÐI.
VIÐ SENDUM EKKI FRÍTT EN ÞÉR ER AUÐVITAÐ VELKOMIÐ AÐ SÆKJA VÖRUNA TIL OKKAR OG FÁ ÞÉR KAFFIBOLLA Í LEIÐINNI!

prentun.com
EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT

PRENTUN.COM ▪ ÁRMÚLA 34 ▪ SÍMI 527 6500 ▪ OPIÐ 9-18 ALLA VIRKA DAGA

# FLÖT LCD




## PHILIPS

**Philips 37PFL5322**
37" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

PIXEL PLUS HD

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990

HDMI




enox.

**Enox LTV7315HD**
15" LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ 29.990**
FRÁBÆRT VERÐ

LCD SJÓNVARP OG DVD SPILARI




Dantax

**Dantax 15LCDDVDP1**
15" LCD SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innbyggðum DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, kortalesara SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW og JPEG.

**VERÐ 39.990**
FRÁBÆRT VERÐ

LCD SJÓNVARP OG DVD SPILARI




Dantax

**Dantax 19LCDDVDP3**
19" SJÓNVARP með 1440x900 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, innbyggðum DVD spilara, 500:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, kortalesari SD/MS/MMC, USB tengi, Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD - Spilar CD, CD-R/RW og JPEG.

**VERÐ 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ




enox.

**Enox LTV7519WHD**
19" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x1024 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 600:1 skerpu, 18w Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI tengi og textavarpi.

**TILBOÐ 39.990**
FULLT VERÐ kr. 54.990




UNITED

**United LTW27W63**
27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990




UNITED

**United LTV32W63**
32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, Progressive Scan, Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 119.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



**LAND OG SYNIR** Hljómsveitin Land og synir, með söngvarann Hreim Örn Heimisson í fararbroddi, heldur afmælistónleika 8. nóvember.

# Vanda til verks á afmælinu

**Hljómsveitin Land og synir heldur tónleika í Íslensku óperunni 8. nóvember í tilefni af tíu ára afmæli sínu. Tónleikarnir verða teknir upp og gefnir út á DVD-mynddisk hlöðnum aukaefni 1. desember.**

„Við ákváðum að setjast niður og sjá hvort það væri ekki hægt að gera eitthvað skemmtilegt í tilefni afmælisins. Við ætlum að leika lög sem spanna þennan tíu ára feril sem vonandi er rétt að byrja,“ segir trommarinn Birgir Nielsen og bætir við að lagið Heim hafi verið gefið út í sumar í tilefni afmælisins.

### Þekktir gestasöngvarar

„Við erum byrjaðir að æfa og erum að fara yfir lögin. Þegar nær dregur eiga margir eftir að koma að þessu,“ segir Birgir og nefnir Magna Ásgeirsson, Bergsvein Árelíusson og Ragnhildi Gísladóttur sem gestasöngvara. Einnig kemur hljómsveitin Reykjavík Session Quartet við sögu.

„Þetta verður örugglega fimmtán manna band þegar allt kemur til alls þannig að þetta verður hrikalega gaman. Við höfum ákveðið að sameina allan flokkinn sem „túraði“ með bandinu einna mest. Þeir verða með okkur Magnús Helgi ljósamaður, Addi 8000 hljóðmaður og Guðni Halldórsson upptökustjóri.“

### Fimm plötur á sex árum

Land og synir var stofnuð árið 1997 á Hvolsvelli. Fimmta og síðasta plata sveitarinnar, Óðal feðranna, kom út árið 2003 og er af mörgum talin sú besta sem hún sendi frá sér. Þar voru lög á borð við Von mín er sú og Á fjórum fótum. Eftir útgáfu plötunnar hætti hljómsveitin en hefur þó spilað stöku sinnum eftir það.

### Plata á næsta ári?

Birgir segir að ekkert hafi verið ákveðið um framhaldið. „Það er jafnvel talað um að fara í upptökur á plötu á næsta ári en það hefur ekkert verið ákveðið. Við ætlum að taka eitt skref í einu og reyna að vanda vel til verks í Óperunni.“

freyr@frettabladid.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HALLOWEEN | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SUPERBAD LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| SHOOT'EM UP | kl. 8 - 10 | 16 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 - 6 | |
| HAIRSPRAY | kl. 5.30 - 8 | |
| KNOCKED UP | kl. 10.20 | 14 |
| BRETTIN UPP ÍSL. TAL | kl. 4 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| HALLOWEEN | kl. 6 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE 11TH HOUR | kl. 6 - 8 - 10 | |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BROTHERSOM MAN | kl. 6 - 10 | |
| THE EDGE OF HEAVEN | kl. 8 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 - 8 - 10.20 | 14 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HALLOWEEN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 6 - 8 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 6 - 10.10 | 14 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STARDUST DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| STARDUST VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| NO RESERVATIONS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SUPER BAD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MR. BROOKS | kl. 8 | 16 |
| BRATZ | kl. 5:30 | L |
| DISTURBIA | kl. 10:30 | 14 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 5:40 - 8 -10:20 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10 | 16 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STARDUST DIGITAL | kl. 6:30 - 9 | 10 |
| NO RESERVATIONS DIGITAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| MR. BROOKS | kl. 10:10 | 16 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 - 8 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 8 | 10 |
| SUPERBAD | kl. 8 - 10:20 | L |
| MR. BROOKS | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| CHUCK AND LARRY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| SHOOT EM UP | kl. 10:20 | 16 |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STARDUST | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| CHUCK & LARRY | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is





**TAKK FYRIR** Hrafn þakkaði leikkonunni Marie Bonnevie alveg sérstaklega fyrir komuna.

# Embla frumsýnd

Hrafn Gunnlaugsson frumsýndi kvikmyndina Emblu á lokadegi Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. Kvikmyndin er endurklipping á myndinni Hvíta víkingnum sem var frumsýnd fyrir fimmtán árum og leikstjórinn hefur aldrei viljað gangast við. Aðalleikkona kvikmyndarinnar, Marie Bonnevie, var mætt til að sjá nýja útgáfu myndarinnar sem hún lék í aðeins sextán ára gömul og þakkaði Hrafn henni kærlega fyrir að sækja landið heim. **- fgg**



**SPENNT** Eftirvæntingin skein út úr andliti Marie sem var þarna að sjá sjálfa sig leika sitt fyrsta hlutverk fyrir fimmtán árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Ef kalda stríðið stæði enn í dag

Hvernig væri heimurinn ef kalda stríðið hefði ekki endað, heldur hitnað upp allsvakalega? Það er spurningin sem World in Conflict, nýi leikur sænska fyrirtækisins Massive, reynir að svara. Árið er 1989 og Sovétríkin riða á barmi falls en í stað þess að hrynja eins og gerðist snúa þau vörn í sókn og hefja skyndisókn á Vestur-Evrópu. Bandaríkin og NATO bregðast við og þriðja heimsstyrjöldin hefst.

Herir Bandaríkjanna eru dreifðir út um allan heim að berjast við rauðu ógnina og á meðan nota Sovétmenn tækifærið og nýta sér veikleika Bandaríkjanna heima fyrir og ráðast á vesturströnd Bandaríkjanna.

Leikurinn er hernaðarkænskuleikur sem hefur verið strípaður niður í kjarnann, þú þarft ekkert lengur að pæla í að byggja stöðvar, græða peninga og fleira. Það eina sem skiptir máli er herkænska og hugrekki. Með því að einfalda spilun leiksins niður í það sem raunverulega skiptir máli hefur Massive dottið niður á snilldarhugmynd. Maður stjórnar hersveitum sínum í leiknum og spannar sögusviðið gervöll Bandaríkin og hluta af Evrópu.

Saga leiksins er sögð í gegnum handteiknuð teiknimyndaatriði á milli borða þar sem sýndar eru venjulegar manneskjur sem lenda í innrás Sovétmanna og þurfa að reyna að verja heimaland sitt. Sögumaður leiksins er enginn annar en Alec Baldwin og gefur hann sögunni mannlegan blæ. Það er ótrúlegt hvað góð raddsetning getur hjálpað til að fá mann til að sökkva sér í söguna. Tónlist frá tímabilinu eins og Whitesnake og Tears for Fears er að finna í leiknum ásamt nýrra lagi með Audioslave.

Netspilun leiksins er hjarta og sál hans og World in Conflict gerir nýja hluti í þeirri deild. Leikurinn býður upp á að hver sem er getur hoppað inn í leik í miðjum klíðum á milli allt að sextán spilara. Leikurinn hefur stuðning fyrir klön, nákvæma tölfræði um spilun notenda og leiðtogaborð þar sem fólk getur fylgst með hverjir eru bestu leikmennirnir á netinu.

Leikurinn skartar einni flottustu grafík síðustu ára og þeir sem eru með bestu mögulegu skjákortin og Windows Vista verða ekki sviknir.

**Sveinn A. Gunnarsson**




**TÖLVULEIKIR**

**World in Conflict**

PC

★★★★★

Einn best herkænskuleikur síðustu ára og einn af leikjum ársins á PC. Allir sannir aðdáendur herkænskuleikja ættu ekki að hika að skella sér á eitt eintak af þessum leik og upplifa söguna á þann hátt sem hún hefði getað farið.



## >Svaraði gagnrýnendum

Veigar Páll Gunnarsson, leikmaður Stabæk í norsku deildinni, skoraði tvö mörk í 4-2 sigri Stabæk gegn Álasundi í gær. Segja má að Veigar Páll hafi látið verkin tala og svarað gagnrýnendum sínum, en mikið var skrifað um Veigar eftir leik Stabæk og Lyn um síðustu helgi. Veigar var þá gagnrýndur fyrir slæmt viðhorf þegar honum var skipt út af, en nú lítur út fyrir að það heyri allt sögunni til og Veigar spilaði allan leikinn fyrir Stabæk í gær.



sport

sport@frettabladid.is

### HREIÐAR LEVY GUÐMUNDSSON, LEIKMAÐUR SÄVEHOF: FER Á KOSTUM Í SÆNSKU DEILDINNI Í HANDBOLTA

# *Er kominn með mitt eigið stuðningsmannalag*

Hreiðar Levy Guðmundsson, markvörður Sävehof í sænsku úrvalsdeildinni í handbolta, hefur spilað einstaklega vel að undanförnu. Hreiðar er með flest varin skot allra markvarða í deildinni eftir fjórar umferðir og lið hans er jafnframt með fullt hús stiga og er eina ósigraða liðið í deildinni.

„Það gengur mjög vel hjá okkur í deildinni og væntingarnar voru líka miklar fyrir mót þar sem okkur var spáð öðru sætinu þannig að þetta er fínt. En liðið hefur séð til þess að ég hef komið mér fljótt fyrir hérna og það er undirstaða þess að mér gengur allt í haginn í augnablikinu,“ sagði Hreiðar sem hefur varið 45 prósent þeirra skota sem hafa farið á markið og fékk sérstaklega mikið lof eftir leik Sävehof gegn meisturunum í Hammarby á dögunum. „Þetta var frábær leikur og leikplan okkar gekk fullkomlega upp. Við vorum búnir að skoða leik þeirra vel og vissum hvernig þeir vilja spila, þannig að við vorum vel undirbúnir og samvinnan á milli mín og varnarinnar var frábær. Það var líka ótrúleg stemning sem stuðningsmannalið Sävehof skapaði og þeir eru syngjandi allan leikinn og ég er meira að segja kominn með mitt lag, sem þeir syngja þegar ég næ að verja,“ sagði hann stoltur.

Hreiðar telur að hann sé að taka miklum framförum í Svíþjóð sem hefur verið þekkt sem mekka handboltamarkvarða. „Það er náttúrulega munur að vera atvinnumaður og vera ekki að sinna einhverri annarri vinnu með, en það hjálpar líka að vera með gott þjálfaralið í kringum sig. Þjálfarinn lagði línurnar strax í byrjun hvernig hann vildi að ég verði og ég þurfti að fara að spá í hluti sem ég hafði kannski ekki gert fram að því. Ég breytti staðsetningum mínum og fór að spá í leikinn og æfa á annan hátt og er líklega í besta formi sem ég hef nokkru sinni verið í. Þetta hefur því verið mjög góður skóli og ég tel mig vera að taka miklum framförum,“ sagði Hreiðar ánægður.





**MARKHEPPINN** Afonso Alves hjá Heerenveen skorar hér eitt sjö marka sinna gegn Heracles Almelo. NORDICPHOTOS/AFP

Afonso Alves:

## Setti ótrúlegt markamet

**FÓTBOLTI Afonso Alves, leikmaður Heerenveen, gerði sér lítið fyrir og skoraði sjö mörk fyrir lið sitt í 9-0 sigri gegn Heracles Almelo í hollensku deildinni í fótbolta. Alves afrekaði enn fremur að skora fjögur marka sinna á aðeins tíu mínútna kafla í seinni hálfleik.**

**Alves, sem var markahæstur í hollensku deildinni í fyrra, setti þar með met yfir flest mörk skoruð af leikmanni í einum leik í hollensku deildinni og sló þar meðal annars við stórlöxum á borð við Marco Van Basten og Johann Cruyff sem skoruðu á sínum tíma sex mörk í leik hvor um sig fyrir lið sín.** - óþ

Sænska deildin í fótbolta:

## Íslendingaliðin jöfn á toppnum

**FÓTBOLTI** Íslendingaliðin Djurgården og Gautaborg berjast um titilinn í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Djurgården, sem er undir stjórn Sigurðar Jónssonar og Sölvi Geir Ottesen spilar með, náði að vinna Gefle 2-0 og er því á toppi deildarinnar ásamt Helsingborg þar sem Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson leika. Liðin eiga ekki eftir að mætast innbyrðis en Helsingborg er með betri markatölu og leiðir því deildina eins og er. - óþ

# Van Persie hetja Arsenal

**Átta leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær. Arsenal endurheimti toppsætið og Chelsea vann fyrsta deildarleikinn undir stjórn Avrams Grant. Manchester City hélt áfram á sigurbraut og Hermann skoraði fyrir Portsmouth.**

**FÓTBOLTI** Arsenal endurheimti toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær þegar liðið vann nauman 3-2 sigur á Sunderland á heimavelli á meðan Liverpool mátti þakka fyrir að ná jafntefli gegn Tottenham á heimavelli. Chelsea sigraði lánlaust lið Bolton og Manchester City hélt góðu gengi sínu áfram með 3-1 sigri gegn Middlesbrough. Blackburn vann Birmingham 2-1, Newcastle vann Everton 3-2, Íslendingaliðið Reading vann Derby 1-0 og Hermann Hreiðarsson skoraði seinna mark Portsmouth í 2-0 sigri liðs síns gegn Fulham.

Allt virtist stefna í slátrun þegar Arsenal var komið í 2-0 gegn Sunderland eftir stundarfjórðung, með mörkum frá Robin Van Persie og Philippe Senderos, en Sunderland var ekki af baki dottið og jafnaði leikinn með mörkum frá Ross Wallace og Kenwyne Jones og allt leit út fyrir að jafntefli yrði niðurstaðan. En Robin Van Persie hafði ekki lokið sér af og skoraði þriðja mark Arsenal eftir sendingu frá varamanninum Theo Walcott sem kom ferskur inn í leikinn.



**SIGURMARKIÐ** Robin Van Persie, leikmaður Arsenal, skorar hér sigurmark Arsenal gegn Sunderland en Craig Gordon, markvörður Sunderland, horfir ráðalaus á eftir boltanum. NORDICPHOTOS/GETTY



**LÉTTUR DANS** Hermann Hreiðarsson og Benjamin Mwaruwari fagna hér marki Hermanns. NORDICPHOTOS/GETTY

Arsenal komst í toppsæti deildarinnar á ný jan leik með sigrinum og á jafnframt leik til góða á Englandsmeistara Manchester United sem eru í öðru sæti.

Liverpool byrjaði leikinn af krafti gegn Tottenham og komst yfir snemma leiks með marki Andreis Voronin. Tottenham jafnaði leikinn hins vegar rétt fyrir lok hálfleiksins með marki frá Robbie Keane og hann bætti svo öðru marki við í upphafi síðari hálfleiks. Tottenham var því á góðri leið með að tryggja sér kærkominn sigur, en Fernando Torres var á öðru máli og jafnaði leikinn í blálokin fyrir Liverpool og endaði leikurinn 2-2.

Manchester City hélt áfram að heilla fótboltaáhugamenn þegar liðið vann sannfærandi 3-1 sigur gegn Middlesbrough þar sem hinn brasilíski Elano skoraði tvö mörk.

Mark Salomons Kalou í lok fyrri hálfleiks var nóg til þess að tryggja Chelsea sigur gegn lánlausu liði Bolton, en þetta var jafnframt fyrsti deildarsigur Avrams Grant, nýráðins stjóra Chelsea.

Hermann Hreiðarsson var eins og áður sagði á meðal markaskorara þegar lið hans Portsmouth vann góðan útisigur gegn Fulham 0-2 og er liðið í fimmta sæti.

Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson léku báðir allan leikinn með Reading sem vann botnlið Derby 1-0, en mark heimamanna skoraði Kevin Doyle í seinni hálfleik. **omar@frettabladid.is**

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Arsenal-Sunderland | 3-2 |
| 1-0 Robin van Persie (7.), 2-0 Philippe Senderos (14.), 2-1 Ross Wallace (25.), 2-2 Kenwyne Jones (48.), 3-2 Robin van Persie (80.). | |
| Reading-Derby | 1-0 |
| 1-0 Kevin Doyle (63.). | |
| Bolton-Chelsea | 0-1 |
| 0-1 Salomon Kalou (41.). | |
| Man. City-Middlesbrough | 3-1 |
| 1-0 Sjálfsmark (10.), 2-0 Elano (33.), 3-0 Elano (63.), 3-1 Benjamin Hutchinson (89.). | |
| Blackburn-Birmingham | 2-1 |
| 1-0 David Bentley (15.), 2-0 Benedict McCarthy, víti (56.) , 2-1 Cameron Jerome (68.). | |
| Liverpool-Tottenham | 2-2 |
| 1-0 Andriy Voronin (12.), 1-1 Robbie Keane (45.), 1-2 Robbie Keane (47.), 2-2 Fernando Torres (90.) | |
| Newcastle-Everton | 3-1 |
| 1-0 Nicky Butt (42.), 1-1 Andrew Johnson (53.), 2-1 Emre (86.), 3-1 Michael Owen (90.), 3-1 Sjálfsmark (90.) | |
| Fulham-Portsmouth | 0-2 |
| 0-1 Benjamin Mwaruwari (50.), 0-2 Hermann Hreiðarsson (52.). | |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Arsenal** | **8** | **7** | **1** | **0** | **19-6** | **22** |
| Man. United | 9 | 6 | 2 | 1 | 11-2 | 20 |
| **Man. City** | **9** | **6** | **1** | **2** | **14-7** | **19** |
| Liverpool | 8 | 4 | 4 | 0 | 14-4 | 16 |
| **Portsmouth** | **9** | **4** | **3** | **2** | **17-12** | **15** |
| Blackburn | 8 | 4 | 3 | 1 | 9-6 | 15 |
| **Chelsea** | **9** | **4** | **3** | **2** | **8-8** | **15** |
| Aston Villa | 8 | 4 | 2 | 2 | 12-8 | 14 |

### *Spænska deildin*

| | |
|---|---|
| Barcelona-Atletico Madrid | 3-0 |
| 1-0 Deco (17.), 2-0 Lionel Messi (20.), 3-0 Xavi (90.). Eiður Smári Guðjohnsen sat á bekknum hjá Barcelona og kom ekki við sögu í leiknum. | |
| Real Madrid-Recretivio | 2-0 |
| 1-0 Ruud Van Nistelrooy (73.), 2-0 Gonzalo Higuain (92.). | |
| Sevilla-Deportivo La Coruna | 0-1 |
| 0-1 Riki (73.). | |

### *Ítalska deildin*

| | |
|---|---|
| Fiorentina-Juventus | 1-1 |
| 0-1 Vincenzo Laquinta(23.), 1-1 Adrian Mutu(87.). | |
| Palermo-Reggina | 1-1 |
| 0-1 Nicola Amoruso (92.), 1-1 Carvalho Amauri (94.). Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina og spilaði allan leikinn. | |
| Parma-Roma | 0-3 |
| 0-1 Francesco Totti (2.), 0-2 Alessandro Mancini (20.), 0-3 Francesco Totti (82.). | |


TENNIS Í VETUR

Ennþá eru lausir nokkrir vikulegir tímar!

Morgun- og hádegistímar í boði og nokkrir aðrir tímar enn lausir.

Byrjendanámskeið fyrir fullorðna eru að hefjast. 10 tíma námskeið kostar **17.900 kr.** Aðeins fjórir á hverju námskeiði. Spaðar og boltar á staðnum.

**Tennis er skemmtileg hreyfing.**

**Skráning og upplýsingar** í síma 564 4030 og á www.tennishollin.is

TENNISHÖLLIN Dalsmári 13 Kópavogi


Räikkönen vann Kínakappaksturinn í Formúlunni gær en Hamilton féll úr leik:

# Klúður hjá Hamilton í Kína

**FORMÚLAN** Lewis Hamilton hjá McLaren féll úr leik í Kínakappakstrinum í gær og missti því af tækifæri til að tryggja sér titilinn. Því munu úrslitin í stigakeppni ökuþóra ekki ráðast fyrr en í lokakeppninni í Brasilíukappakstrinum 21. október næstkomandi. Kimi Räikkönen hjá Ferrari vann í Kína og er enn með í baráttunni, sem og Fernando Alonso, liðsfélagi Hamilton hjá McLaren, sem varð annar í Kínakappakstrinum.

Hamilton leiddi kappaksturinn í Kína en varð að hætta eftir að hafa misst stjórn á bílnum þegar hann var að fara inn á viðgerðarsvæði í lok 31. hrings og menn furðuðu sig á því að hann væri ekki lengu búinn að taka viðgerðarhlé enda dekkin á bíl hans orðin léleg og því fór sem fór hjá honum.

„Þetta voru slæm mistök hjá mér, líklega einu alvarlegu mistök mín allt tímabilið,“ sagði Hamilton svekktur. „Mér þykir leiðinlegt að hafa brugðist sjálfum mér og liðsmönnum mínum, þar sem þeir stóðu sig frábærlega að vanda, en ég verð að jafna mig á þessu og einbeita mér að síðasta kappakstrinum.



**VONSVIKINN** Lewis Hamilton hjá McLaren en þurfti að hætta keppni í Kínakappakstrinum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Räikkönen, sem var að vinna sinn fimmta kappakstur á tímabilinu, var eðlilega ánægður með sigurinn en samt ekkert of bjartsýnn á framhaldið. „Við erum búnir að koma okkur í betri stöðu en þetta er samt mjög erfitt. Við verðum bara að vinna síðasta kappaksturinn og sjá hverju það skilar okkur,“ sagði Räikkönen.

Fernando Alonso, sem hefur verið upp á kant við bæði McLaren og liðsfélaga sinn Hamilton, sagði að hann einbeitti sér bara að sjálfum sér. „Ég var ekkert að spá í hvað væri að gerast hjá Hamilton heldur einbeitti mér bara að því að klára kappaksturinn vel og það tókst,“ sagði Alonso. - óþ




VISA BIKARINN 2007

VISA

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Meistarakeppni karla:*

**KR-ÍR 75-62 (35-33)**

Stig KR: Joshua Helm 25 (19 fráköst, hitti úr 9 af 15 skotum og úr 7 af 10 vítum), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 14 (4 stoðs., hitti úr 5 af 8 skotum), Helgi Már Magnússon 9, Ellert Arnarson 8 (4 stoðs., 4 frák.), Skarphéðinn Freyr Ingason 8, Fannar Ólafsson 6 (5 fráköst á 12 mín.), Brynjar Björnsson 3, Darri Hilmarsson 2.

Jovan Zdraveski klikkaði á öllum 4 skotum sínum en var með 7 fráköst á 16 mínútum.

Stig ÍR: Hreggviður Magnússon 18 (18 mínútur), Sveinbjörn Claessen 17 (5 fráköst, 3 stolnir, hitti úr 6 af 7 skotum), Marko Palada 12 (5 frák.), Sonny Troutman 6, Ólafur Jónas Sigurðsson 3, Þorsteinn Húnfjörð 3 (3 varin), Ómar Sævarsson 2 (9 frák.), Eiríkur Önundarson 1.

### *Meistarakeppni kvenna:*

**Haukar-Keflavík 52-84 (25-49)**

**Stig Hauka:** Kristrún Sigurjónsdóttir 19 (5 stoðs.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10 (14 fráköst, 4 varin), Sara Pálmadóttir 6, Guðbjörg Sverrisdóttir 4 (7 fráköst, 3 stoðs.), Telma Björk Fjalarsdóttir 4, Unnur Tara Jónsdótir, Ösp Jóhannsdóttir 3, Bára Fanney Hálfdanardóttir 2.

**Stig Keflavíkur:** Kesha Watson 19 (5 stolnir, 4 stoðs., hitti úr 7 af 12 skotum), Bryndís Guðmundsdóttir 14 (11 fráköst, 7 stoðs.), Pálína Gunnlaugsdóttir 14, Margrét Kara Sturludóttir 13 (7 fráköst, 7 stolnir, 5 varin), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 13 (16 mín., hitti úr 4 af 7 skotum), Marín Rós Karlsdóttir 9, Hrönn Þorgrímsdóttir 2.

Keflavík skoraði 13 þriggja stiga körfur í leiknum og sex leikmenn liðsins setti niður skot fyrir utan.

### *Norska deildin:*

**Tromsø-Viking 2-1**

Hannes Þ. Sigurðsson kom inn á sem varamaður hjá Viking en Birkir Bjarnason sat á varamannabekk liðsins allan leikinn.

**Strömgodset-Sandefjord 4-0**

Guðmundur Pétursson kom inn á sem varamaður hjá Sandefjord í leiknum.

**Stabæk-Aalesund 4-2**

Veigar Páll Gunnarsson spilaði allan leikinn og skoraði tvö mörk fyrir Stabæk og Haraldur Freyr Guðmundsson spilaði allan leikinn fyrir Aalesund.

**Vålerenga-Lillestrøm 1-3**

Árni Gautur Arason og Gunnar Heiðar Þorvaldsson voru báðir í byrjunarliði Vålerenga og Gunnar Heiðar skoraði mark þeirra í leiknum.

# KR og Keflavík meistarar

**Fimm hundruð þúsund krónur söfnuðust fyrir samtökin SÁÁ – stuðning við börn alkóhólista þegar Meistarakeppni KKÍ fór fram í DHL-höllinni í gær.**

**KÖRFUBOLTI** KR og Keflavík eru meistarar meistaranna en þau unnu bæði örugga sigra í Meistarakeppni KKÍ í gær. Karlalið KR vann 13 stiga sigur á ÍR, 75-62, og kvennalið Keflavíkur vann 32 stiga sigur á Haukum.

KR-ingar höfðu frumkvæðið allan tímann gegn baráttuglöðum ÍR-ingum sem voru þó alltaf inni í leiknum þar til í fjórða leikhluta þegar Íslandsmeistararnir stungu af. Leikurinn var ekki mikið fyrir augað, leikmenn tókust hart á og brutu mikið og úr urðu ófáar ferðir á vítalínuna.

Einn helsti munurinn á liðunum í gær var framlag Bandaríkjamannanna. Joshua Helm átti frábæran leik í liði KR, skoraði 25 stig, tók 19 fráköst og hitti úr 60 prósentum skota sinna en Sonny Troutman var hins vegar með 6 stig, 1 frákast og 5 villur á 24 mínútum hjá ÍR auk þess að klikka á 11 af 14 skotum sínum.

Auk Helms léku þeir Pálmi Freyr Sigurgeirsson og Ellert Arnarson best í liði Vesturbæinga. Athygli vakti að fyrirliði KR, Fannar Ólafsson, kom ekki inn á fyrr en á 15. mínútu leiksins og spilaði aðeins í 12 mínútur í leiknum.

Bestu menn ÍR voru þeir Hreggviður Magnússon og Sveinbjörn Calessen sem saman komu með 35 stig af bekknum.

Keflvíkurkonur áttu ekki í erfiðleikum með að sigra í meistarakeppninni og tóku annan titil af Haukum á einni viku þegar þær burstuðu Íslandsmeistarana 84-52 í DHL-höllinni í gær.

Yfirburðir Keflavíkur voru algerir og Haukaliðið átti aldrei svar við aðgangsharðri pressuvörn Keflvíkinga sem varð til þess að Haukastúlkur töpuðu 39 boltum í leiknum. Haukakonur léku reyndar í gær án bandaríska bakvarðarins Kieru Hardy sem er enn að jafna sig eftir meiðslin sem hún varð fyrir í úrslitaleik Powerade-bikarsins um síðustu helgi.

Keflavíkurliðið lítur vel út, bandaríski bakvörðurinn Kesha Watson er í fínu standi, liðið spilar samheldna og grimma vörn og í sókninni eru margir leikmenn að skila til liðsins. Í leiknum í gær skoruðu sem dæmi fimm leikmenn liðsins 13 stig eða fleiri og fimm leikmenn áttu þrjár stoðsendingar eða fleiri á samherja sína.

Bryndís Guðmundsdóttir (14 stig, 11 fráköst, 7 stoðsendingar) og Margrét Kara Sturludóttir (13 stig, 7 fráköst, 7 stolnir, 5 varin) voru báðar mjög atkvæðamiklar og þær Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir léku einnig mjög vel. Hjá Haukum var Kristrún Sigurjónsdóttir (19 stig og 5 stoðsendingar) allt í öllu en einnig fær hin 17 ára Ragna Margrét Brynjarsdóttir hrós fyrir góðan leik. **ooj@frettabladid.is**



**FYRSTI BIKARINN** KR-ingar eru meistarar meistaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**YFIRBURÐIR** Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir fyrirliði Keflavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**GÓÐUR** Jón Arnór Stefánsson lék vel gegn gegn Toronto í gær. Hér sést hann í bakgrunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Jón Arnór Stefánsson:

## Átti góðan leik gegn Toronto

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson, leikmaður Lottomatica Roma, var í eldlínunni þegar lið hans mætti kanadíska NBA-liðinu Toronto Raptors í æfingaleik í Róm í gær. Athygli vakti að Lottomatica Roma tapaði leiknum naumt 87-93 og veitti NBA-liðinu mikla keppni. Jón Arnór átti góðan leik og skoraði 19 stig, átti tvær stoðsendingar og tók fimm fráköst. **- óþ**

Ítalska deildin í fótbolta:

## AC Milan vann stórsigur í gær

**FÓTBOLTI** AC Milan hefur farið rólega af stað í ítölsku deildinni í ár, en allar flóðgáttir opnuðust þegar liðið mætti Lazio á útvelli í gærkvöld. AC Milan vann öruggan 1-5 sigur þar sem Kaka og Alberto Gilardino skoruðu báðir tvennu og Massimo Ambrosini skoraði eitt mark. Liðið er einungis í 8. sæti deildarinnar með tíu stig. **- óþ**


# Hestamannafélagið Gustur

auglýsir umsóknir um byggingarrétt
á nýju svæði hestamanna á Kjóavöllum

HESTAMANNAFÉLAGIÐ GUSTUR




Umsóknir verða sendar á alla félagsmenn 18 ára og eldri næstu daga.
Einnig verður hægt að nálgast umsóknargögn í Félagsheimili Gusts, Helgukoti,
mánudaginn 15. október til föstudagsins 19. október 2007 milli kl. 16.00 og 18.00.
Síðasti skiladagur umsóknargagna er laugardaginn 20. október 2007 milli kl. 14.00 og 18.00 í Helgukoti.

*Stjórn Hestamannafélagsins Gusts*

Getz Frá kr. 1.430.000

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

**Frá kr. 16.900 á mánuði***

*Hyundai hefur gæðin*

# Flottur er algjört skilyrði

**Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.**



## Frá kr. 16.900 á mánuði*

- ✓ Flottur
- ✓ Hagstæður
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Traust bílaumboð
- ✓ Öruggur
- ✓ Góð þjónusta

B&L

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

## > Matt LeBlanc

Áður en LeBlanc varð frægur leikari starfaði hann sem módel. Eitt af þeim verkefnum sem hann tók að sér var að prýða forsíðu á ferðabæklingi fyrir homma, Damron Travel Guide For Men. LeBlanc sést, eins og aðra virka daga, í sínu frægasta hlutverki í þáttunum um vinina sem sýndir eru á Stöð 2.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON ELDIST HRATT OG ÆTLAR ÚR FÖTUNUM

# *Berrassaður í Ártúnsbrekkunni*

Við sem erum komin af léttasta skeiði, og leggjum inn hverja aukakrónu á sparibækur undir heitinu jarðarför eða falskar tennur, vitum að raunverulega eru aðeins tveir kostir til afþreyingar á venjulegum degi. Að horfa á sjónvarpið eða hugsa til baka til þeirra ára sem frelsið var algjört, tækifærin ótæmandi og allt var gott og gaman.
Dagskráin í hausnum á manni er þó yfirleitt betri en í sjónvarpinu og verður æ oftar fyrir valinu.
Stórt sem smátt töfrar þar fram bros: Að stela gospillum í sjoppunni. Drepa rottur í fjörunni. Henda síldarkryddi í stelpurnar. Fótbolti uppi á Bala. Kveikja í sinu. Brjóta rúður. Reykja sinu. Húkka ufsa. Smíða kofa. Veiða inní á. Hjóla út í skriður. Njósna. Fara með strákunum í kapphlaup niður brekkurnar í Tjarnardal og hlæja af sér hausinn. Hver kannast ekki við þetta?
Ég rifja þetta upp sökum þess að æ oftar geri ég hvort tveggja í einu. Horfi á skjáinn en spila gamlar minningar um leið í einkastúdíóinu mínu. Þá ímynda ég mér hvað væri gaman að gefa skít í allt. Hætta að horfa á sjónvarp og taka upp fyrri iðju. Ganga í barndóm eins og það er kallað. Látum okkur sjá. Gospillurnar reyndust vera baneitraðar og sölu á þeim var hætt fyrir allmörgum árum. Engar rottur eru lengur í fjörum eftir að drullupumpurnar voru settar upp í valdatíð R-listans. Síldarkrydd er ekki lengur geymt í stæðum á almannafæri. Augljóslega spila ég ekki fótbolta á meðan ég bíð eftir liðskiptaaðgerð og ég hef komist að því að hjólreiðar eru stórhættulegar. Flest annað sem ég hafði gaman af er augljóslega lögbrot en ég stenst þó ekki freistinguna á því að spyrja. Hver þorir að slökkva á sjónvarpinu og koma í kapphlaup niður Ártúnsbrekku?



## EKKI MISSA AF



▶ **20.15** Heima hjá Jamie Oliver STÖÐ 2



▶ **20.20** The Truth About Food RÚV



▶ **23.00** Raines-Lokaþáttur SKJÁREINN



▶ **21.15** Smallville SIRKUS



▶ **20.00** House of Sand and Fog STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (1:22)
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra grís** (60:104)
**18.06 Fæturnar á Fanney** (17:26)
**18.17 Halli og risaeðlufatan** (30:52)
**18.30 Út og suður** (4:12) Endursýndir þættir frá 2004.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Matur er mannsins megin** (3:6) (The Truth About Food) Heimildamyndaflokkur frá BBC um þau áhrif sem mismunandi fæðutegundir hafa á fólk í lengd og bráð. Að þessu sinni er fjallað um mataræði barna.
**21.15 Í nafni réttlætis** (13:13) (In Justice)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið** Í þættinum verður farið yfir viðburði helgarinnar í íþróttaheiminum, innlenda sem erlenda.
**22.45 Slúður** (4:13) (Dirt) Blaðamaður og ljósmyndari sem vinna á þekktu slúðurtímariti eru í stöðugri baráttu við að ná í heitustu fréttirnar úr heimi fræga fólksins.
**23.35 Spaugstofan**
**00.05 Bráðavaktin** (12:23)
**00.50 Kastljós**
**01.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 House of Sand and Fog**
**08.05 The Perfect Man**
**10.00 Airheads**
**12.00 Shattered Glass**
**14.00 The Perfect Man**
**16.00 Airheads**
**18.00 Shattered Glass.**
▶**20.00 House of Sand and Fog** Ameríski draumurinn er krufinn á miskunnarlausan hátt í þessari margrómuðu verðlaunamynd.
**22.05 Small Time Obsession**
**00.00 Kinsey**
**02.00 Superfire**
**04.00 Small Time Obsession**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (36:120)
**10.15 Sisters** (23:24)
**11.00 Blue Collar**
**11.25 Matur og lífsstíll**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters 4** (7:22)
**13.55 How to Deal**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** (e) S Club 7, W.I.T.C.H., BeyBlade, Camp Lazlo 1, Froskafjör
**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (22:22) (e)
**19.50 Friends (10.24)**
▶**20.15 Heima hjá Jamie Oliver** Jamie Oliver er snúinn aftur og er nú á heimavelli. Hann mun nú sýna hvernig best sé að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima. Hann notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum og sýnir hversu auðvelt það er. (13:13) Í lokaþættinum býr Jamie til girnilega pítsu sem slær allar aðrar út.
**20.45 Men In Trees** (17:17) Bráðskemmtileg þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki.
**21.30 Saving Grace** (5:13) Grace reynir að leysa glæp sem virðist í fljótu bragði tengjast nokkrum góðkunningjum bæjarbúa. 2007. Bönnuð börnum.
**22.15 Weeds** (4:12) (e) Önnur þáttaröðin um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles borgar.
**22.45 Weeds**
**23.15 Revenge of the Middle-Aged Woman**
**00.45 Most Haunted**
**01.30 NCIS (6.24)**
**02.15 Justice (7.13)**
**03.00 How to Deal**
**04.40 Men In Trees (17.17)**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíV**

## SÝN *besta sætið*

**07.00 Spænski boltinn** (Barcelona - Atl. Madrid)
**14.20 Evrópumótaröðin** Bein útsending frá lokahringnum á Alfred Dunhill Links Championship-mótinu.
**18.50 NFL**
**20.50 David Beckham - Soccer USA** (11:13) Glænýir þættir þar sem fylgst er með David Beckham í nýjum heimkynnum hans í englaborginni í Bandaríkjunum. Áhorfendur fá innsýn í bandaríska knattspyrnu og kynnast nýjum samherjum Beckhams.
**21.20 Þýski handboltinn** Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
**22.00 Spænsku mörkin 2007-2008** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Einnig eru rakin umdeildustu atvikin, brottrekstrarnir og bestu marktækifærin.
**22.45 World Series of Poker 2007** Á heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.40 Spænski boltinn** (Barcelona - Atl. Madrid)

## SÝN2

**07.00 Arsenal - Sunderland**
**16.45 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**17.45 Goals of the Season** (Goals of the Season 2006/2007) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**18.40 Coca-Cola Championship**
**21.00 English Premier League 2007/08** (Ensku mörkin 2007/2008)
**22.00 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**22.30 Aston Villa - West Ham**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Allt í drasli** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 30 Rock** (e)
**19.30 Giada´s Everyday Italian** (e)
**20.00 Friday Night Lights** (8:22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Julie íhugar að fara á deit með Matt og Smash grípur til örþrifaráða til að bæta frammistöðu sína á vellinum. Tim og bróður hans lendir saman eftir matarboð hjá Taylor þjálfara.
**21.00 The Company** (3:6) Jack er í Ungverjalandi þegar uppreisnin gegn kommúnistastjórninni er um það bil að hefjast. Tengiliður hans í andspyrnuhreyfingunni er bresk kona sem kynnir hann fyrir leiðtoga uppreisnarmanna Arpad. Þeim tekst að afstýra blóðbaði áður en það er um seinan?
**22.00 C.S.I. New York** (6:24) Ung kona fellur fram af þaki hótels og grunur fellur á fræga fyrirsætu sem hafði rifist við hana skömmu fyrir fallið. Meðan á rannsókn málsins stendur heyrast byssuskot hinum megin við götuna. Þar koma þau að konu sem stendur yfir tveimur líkum.
▶**23.00 Raines - Lokaþáttur** Bandarísk þáttaröð með Jeff Goldblum í aðalhlutverki. Hann leikur lögreglumann sem rannsakar morðmál og nær óvenjulegu sambandi við fórnarlömbin. Það er komið að lokaþættinum. Fyrrum eiginkona Raines nær að sannfæra hann um að andlát eiginmanns hennar hafi ekki verið af slysförum.
**23.50 Californication** (e)
**00.25 Magni - útgáfutónleikar** (e)
**01.25 C.S.I.**
**02.15 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45
### Men in Trees - LOKAÞÁTTUR



Þá er komið að lokaþættinum af Men in Trees. Margt hefur drifið á daga Marin Frist síðan hún settist að í Elmo í Alaska en eftir stutta heimsókn til New York ákvað hún að gera smábæinn að heimili sínu. Nú er hún búin að kaupa sér lítið hús og er í óðaönn að gera það upp. Umbæturnar gengu fremur illa þangað til Marin kynntist handlögnum bæjarbúa sem nú hefur ákveðið að flytja inn til hennar. Hvernig ætli Jack lítist á það?

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Airwaves sérþættir
### X-ið 97,7 kl. 21.00

Eins og í fyrra mun X-ið 97,7 kynna Iceland Airwaves hátíðina sérstaklega í þáttum sem verða tileinkaðir hátíðinni. Allar hliðar hátíðarinnar verða tekin fyrir, viðtöl við innlenda og erlenda listamenn spiluð auk þess sem gefinn verður varningur og armbönd á sjálfa hátíðina. Ef þú vilt kynnast einhverju á Airwaves í ár þá er það í þessum þáttum sem verða alla virka daga milli klukkan 21 og 22 fram að hátíðinni sem hefst miðvikudaginn 17. október.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Vansæmd
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Heima er best
**21.10** Stjörnukíkir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Afsprengi
**23.10** Upp og ofan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (30:260)
**19.30 Hollyoaks** (31:260)
**20.00 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.
**20.25 Most Shocking**
▶**21.15 Smallville** (13:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur.
**22.00 Monk** (12:16) Monk fer í dulargervi til að leysa dularfullt morðmál og hann kemst að því að hann hefur sérstaka hæfileika sem bryti. 2006.
**22.45 Næturvaktin** (4:12) Ólaf dreymir um frægð og frama og hann fær gullið tækifæri þegar X-Factor heldur opnar áheyrnarprufur. Georg er þó ekki á því að gefa honum frí. 2007.
**23.15 Damages NÝTT** (1:13) Glænýr og hörkuspennandi lögfræðiþáttur með stórleikkonunni Glenn Close í aðalhlutverki.
**00.05 The Tudors** (7:10)
**01.00 The 4400** (13:13)
**01.45 Jake 2.0** (12:16) (e)
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Antiques Roadshow **13.00** The Inspector Lynley Mysteries **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** As Time Goes By **16.30** The Good Life **17.00** Worrall Thompson **17.30** Worrall Thompson **18.00** Silent Witness **19.00** Murder Prevention **20.00** The Office **20.30** Absolute Power **21.00** Silent Witness **22.00** 2 POINT 4 CHILDREN **22.30** Murder Prevention **23.30** As Time Goes By **0.00** The Good Life **0.30** EastEnders **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow **3.00** Cash in the Attic

## DR 1

**11.50** DR1 Dokumentaren - Gud i Gørløse **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Sæson for kaniner **14.35** Skyland **15.00** Troldspejlet **15.30** Fjernyn for dig **15.40** Postmand Per **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Harry - med far i køkkenet **18.00** Ganges - livets flod **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig IV **21.40** Seinfeld **22.05** OBS **22.10** Hjerteflimmer

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.15** Historien om en sykkeltur **10.45** Grosvold **11.25** Åpen himmel: Familiegudstjeneste fra Elverhøy kirke i Tromsø **11.55** Jan i naturen: Havørnen **12.10** Med hjartet på rette staden **13.00** Fabrikken **13.30** Totalt genialt! **14.00** Gatefotball **14.30** Viva Pinata **14.40** Kid Paddle **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Faktor: Gromguten **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Berlinerpoplene **20.25** Store Studio **21.00** Kveldsnytt **21.15** Poirot: Kortene på bordet **22.50** Nytt på nytt **23.20** Kulturnytt **23.30** Sport Jukeboks

## SVT 1

**11.55** Kostervalsen **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Ramp **15.30** Krokomax **16.00** BoliBompa **16.25** Ebb och Flo **16.30** Allt om djur **16.55** Dr Dogg **17.00** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Andra Avenyn **18.30** Gynekologen i Askim **19.30** Kobra **20.15** Varför demokrati: På jakt efter revolutionen 21.15 Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.35** Babben & co **22.35** Vita huset **23.20** Sändningar från SVT24



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hækka alltaf í útvarpinu þegar það kemur Led Zeppelin eða Pixies. Þess á milli er það bara Villi Vill og Hemmi Gunn. Maður kemst alltaf í gott skap að hlusta á Einn dans við mig.“*

Björn Bragi Bragason matreiðslumeistari.



**LÁRÉTT**
**2.** uss 6. þys 8. neðan 9. gerast 11. samþykki 12. sjúga 14. steintegund 16. 2 eins 17. farfa 18. umfram 20. kyrrð 21. fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** löngun 3. tveir eins 4. föt 5. forsögn 7. ermalaus kjóll 10. skammstöfun 13. mál 15. mikill 16. kóf 19. bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. suss, 6. ýs, 8. upp, 9. ske, 11. já, 12. totta, 14. kvars, 16. kk, 17. lit, 18. auk, 20. ró, 21. frár.

**LÓÐRÉTT:** 1. lyst, 3. uu, 4. spjarir, 5. spá, 7. skokkur, 10. etv, 13. tal, 15. stór, 16. kaf, 19. ká.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Framsóknarflokknum.
2. Kertaljós.
3. Svonefndum blóðálfum í vinsælum tölvuleik á netinu.











# Ungur athafnamaður á Akureyri

Akureyringurinn Baldvin Esra Einarsson hefur stofnað fyrirtækið Afkimi ehf. sem annast útgáfu og dreifingu á tónlist, auk tónleikahalds og ráðgjafar fyrir íslenskan tónlistariðnað.

Útgáfufyrirtæki sem er rekið undir hatti Afkima nefnist Kimi Records. „Þetta er óháð útgáfa og það er engin sérstök tónlistarstefna sem er í gangi. Eina markmiðið er að gefa út tónlist sem mér finnst góð,“ segir Baldvin Esra, sem er 28 ára. Á meðal væntanlegra platna frá Kimi Records er fyrsta breiðskífa Borko sem er gefin út í samvinnu við þýska útgáfufélagið Morr Music og önnur plata Morðingjanna.

Baldvin hefur starfað við tónleikahald undanfarin ár en vildi víkka starfsemina út með stofnun fyrirtækisins. Á næstunni heldur hann tónleika með Jakobínarínu og 20. október verður haldið Airwaves-kvöld á Akureyri. Þar munu Buck 65 og Plants and Animals troða upp.

Baldvin býst við því að vera í tónlistarbransanum um ókomin ár. „Í minni nálgun er þetta meira út frá áhuga heldur en að fara að græða peninga. Varðandi framtíðina þá reynir maður bara að taka eitt skref í einu. Maður sér fram á að geta unnið við þetta hvaðan sem er, bæði hér, í Reykjavík eða erlendis. Ég er með ágætis samstarfsaðila sem hugsa svipað og ég og ætla að hjálpa mér að koma þessu á framfæri.“ **- fb**



**BALDVIN ESRA EINARSSON** Athafnamaðurinn ungi hefur stofnað fyrirtækið Afkimi ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

PÉTUR ÞÓR GUNNARSSON: BLENDIN VIÐBRÖGÐ VIÐ NÝJU GALLERÍI

# Tryggvi í Fold furðar sig á endurkomu Péturs Þórs

„Ég er mjög ánægður með endurkomu Péturs Þórs Gunnarssonar. Aðallega fyrir hönd þeirra sem voru plataðir, þeir geta þá farið með sínar fölsuðu myndir og látið hann selja þær aftur,“ segir Tryggvi Friðriksson í Gallerí Fold. Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að Pétur Þór Gunnarsson hygðist síðar í þessum mánuði opna nýtt gallerí í Skipholti.

Pétur Þór var sýknaður í Hæstarétti í stóra málverkafölsunarmálinu ásamt Jónasi Freydal Þorsteinssyni en rannsókn þess máls er með þeim umfangsmestu í sögu Íslands og varð mikið fjölmiðlamál. Margir telja að sá dómur hafi verið klúður og rangur og að Pétur og Jónas hefðu átt að vera fundnir sekir. „Það er enginn titringur í þessum bransa í ljósi þessara tíðinda en mér þykir þetta náttúrlega með ólíkindum. Ef maðurinn hefði verið með byssuverslun en síðan gerst brotlegur við byssulög efast ég um að hann fengi að opna slíka verslun aftur,“ bætir Tryggvi við og segir að menn séu síður en svo búnir að gleyma málverkafölsunarmálinu mikla og þeim málarekstri öllum.



**OPNAR MEÐ MYNDIR EFTIR SJÁLFAN SIG** Pétur hefur ekki bara verið að mála veggina í galleríinu í Skipholti heldur einnig verið að mála á þá. Hér er hann með verk eftir sjálfan sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fréttablaðið hafði samband við nokkra aðila í málverkaheiminum og það er ljóst að menn skiptast í tvo hópa hvað endurkomu Péturs varðar. Kristinn Ágúst Halldórsson hjá Listamenn Innrömmun segir að auðvitað séu menn að ræða þetta á kaffistofum. „Einhverjir úti í þjóðfélaginu eru eflaust brjálaðir út í Pétur en frá mínum bæjardyrum séð er þetta allt í lagi enda eru menn búnir að taka út sína refsingu og hafa verið sýknaðir í Hæstarétti. Við eigum í minnsta ekkert sökótt við hann,“ segir Kristinn.

Pétur Þór sagðist vissulega hafa haft veður af neikvæðum viðbrögðum í skúmaskotum en hann væri eflaust síðasti maðurinn til að heyra eitthvað slíkt. „En menn hafa hringt í mig og óskað mér til hamingju með þetta,“ segir hann og bætir því við að hann hafi vissulega gert sér grein fyrir því að þetta yrði rætt á kaffistofunum. „Að mínu mati er þetta hins vegar þröngur hópur og þetta fölnar í samanburði við stóra Randversmálið,“ segir Pétur en til gamans má geta að fyrsta sýningin í nýja galleríinu verður á verkum eftir Pétur Þór. **freyrgigja@frettabladid.is**



**Á AÐ TAKA VIÐ FÖLSUÐU MYNDUNUM** Tryggvi í Fold telur að það sé lítill titringur í listaverkaheiminum en honum finnst endurkoma Péturs Þórs með ólíkindum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI





Eins og fram kemur hér að framan frumsýndi Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndina Emblu í Háskólabíói að viðstöddu þónokkru fjölmenni. Meðal þeirra sem litu við í Háskólabíói voru **Ögmundur Jónasson, Ingólfur Margeirsson** og Ágúst Guðmundsson auk þess sem Egill Ólafsson og höfundur tónlistar, gítarleikarinn Guðmundur Pétursson, heiðruðu Hrafn með nærveru sinni.



Til mikillar veislu var síðan blásið í aðalhúsi Landsbankans í Austurstræti þegar RIFF var formlega slitið. Þar mátti sjá glitta í áðurnefndan Ágúst auk Hilmars Oddssonar og **Friðriks Þórs Friðrikssonar.**



Heimir Jónasson, fyrrum sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, lét einnig sjá sig sem og Björn Brynjúlfur Björnsson og **Þorsteinn Joð Vilhjálmsson,** sjónvarpsmaður með meiru.



Leikarar voru einnig fjölmennir í þessu glæsilega samkvæmi sem Ólafur Egill Egilsson stjórnaði og vakti það mikla kátínu þegar hann þuldi upp veislukostina á bæði ensku og íslensku. **Benedikt Erlingsson** var í miklu stuði og Þorsteinn Bachmann lét sitt ekki eftir liggja. Væntanlega geta aðstandendur RIFF gengið sáttir frá borði enda hátíðin með glæsilegasta móti þetta árið. **- fgg**

# Gerðu heimildarmynd um átröskun

Þær Berghildur Bernharðsdóttir og Ásta Sól Kristjánsdóttir fylgdust með ungri íslenskri stúlku sem er alvarlega veik af átröskun í heimildarmynd sinni Lystin að lifa.

„Maður hefur séð hvaða áhrif horaðar fyrirmyndir úr tískuheiminum og fjölmiðlum hafa á ungt fólk í dag. Þannig kviknaði hugmyndin að myndinni. Okkur langaði að segja sögu manneskju sem hefur barist við átröskun á persónulegan hátt,“ segir Berghildur. „Við gerðum allt sjálfar frá A-Ö hvað varðar tökur, handrit, hljóð og klippingu. Hvorug okkar hafði gert heimildarmynd áður en báðar höfum við snert á einu og öðru því tengdu.“

Lystin að lifa fjallar um unga íslenska stúlku sem hefur verið með átröskun í langan tíma. Í myndinni fylgjast áhorfendur með hæðum og lægðum í lífi hennar auk þess sem fjölskylda hennar er tekin tali. „Ég held að myndin komi til með að vekja mikla umræðu um þetta vandamál. Við hófum tökur í desember á síðasta ári og erum í raun búnar að vinna jafnt og þétt í myndinni síðan. Við skiluðum henni til RÚV í byrjun september. Það eru endalausir þræðir sem þarf að ganga frá þegar verið er að gera svona heimildarmynd,“ segir Berghildur en myndin verður sýnd í Sjónvarpinu 14. október.

„Það eru ofboðslega margir sem glíma við þennan sjúkdóm og þetta er stórt vandamál,“ segir Berghildur. „Tölum ber ekki saman um hversu margir en nýlega las ég að níu prósent ungs fólks þjáðist af einhvers konar átröskun. Það má heldur ekki gleyma því að þetta er einn alvarlegasti geðsjúkdómur sem til er þegar fólk er orðið langt leitt.“ Berghildur segir ekki hafa reynst erfitt að finna þátttakanda í myndina. „Við vorum í mjög góðu samstarfi við Forma-samtökin. Þær bentu okkur á þessa stúlku sem var tilbúin að segja sögu sína í forvarnarskyni.“ **- sók**



**HORAÐAR FYRIRMYNDIR TÍSKUHEIMSINS** Berghildur segir horaðar fyrirmyndir úr tískuheiminum hafa mikil áhrif á sjálfsmynd ungs fólks.



**LYSTIN AÐ LIFA** Þær Ásta Sól Kristjánsdóttir og Berghildur Bernharðsdóttir gerðu heimildarmyndina Lystin að lifa sem fjallar um unga stúlku sem er alvarlega veik af átröskun.

Bullum í baði ...sturta.is

# Sturtuklefar og baðker í
# ...breiðum bunum!
# – hvað segirðu um bað?



**Kr. 199.000**
1300x1300x2150mm



**Kr. 139.000**
900x900x2150mm



**Kr. 208.000**
1520x850x2150mm

## Hátækni

## Ótrúleg verð

**Kr. 179.000**
1820x1320x775mm





**Kr. 175.000**
940x940x2150mm



**Kr. 147.000**
1360x1360x730mm

Komdu í bað, sturtan sér um það ...sturta.is

Nudd og nautn í baði ...sturta.is

# Bara að drífa sig!

**Reykjavíkurvegur 64,**
**220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566**
*Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi*
**www.sturta.is allan sólarhringinn!**

sturta.is

Ekki súr, farðu úr

Hreinn og beinn ...í sturtu!

Komdu í bað

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



LYFJA
- Lifið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




## BAKÞANKAR
Þráins Bertelssonar

## *Íslenskt gullauga*

Í allri hinni neikvæðu umræðu um okur, græðgi og einkavinavæðingu á Íslandi hefur gleymst að halda því til haga að íslenskur almenningur býr við mikil ókeypis hlunnindi. Til dæmis stendur hverjum sem er til boða að þamba nægju sína af köldu vatni úr næsta krana frítt og gratis. Það gefur auga leið að lítil arðsemi er að því að heil þjóð drekki sitt vatn ómælt og ókeypis, ekki síst þar sem að minnsta kosti þrjár þaulreyndar aðferðir eru þekktar til að gera vatnsþambið arðbært.

**FYRSTA** leiðin og sú elsta og íhaldssamasta er að vatnsból verði að nafninu til í sameign þjóðarinnar en nýtingarrétti verði úthlutað til þeirra sem stórtækastir eru í vatnsþambinu því að þeirra er augljóslega mest þörfin. Þannig mætti breyta verðlausu vatni í verðmætan vatnskvóta sem í praxís gæti gengið kaupum og sölum milli þeirra sem kunna eitthvað fyrir sér í viðskiptum, þótt eignarrétturinn væri í teóríunni hjá hinum uppþornaða almenningi.

**ÖNNUR** leiðin væri sú að einkavæða vatnsból, ár og uppsprettur og jökla áður en þeir bráðna af sjálfum sér og skipa einkavæðingarnefnd í málið og leita eftir tilboðum frá kjölfestufjárfestum auk þess sem hvert mannsbarn á landinu fengi að kaupa hlutabréf upp á allt að tíu lítra. Þannig mundi þjóðin læra að meta kalda vatnið samkvæmt skynsamlegum reglum hins frjálsa markaðar með hóflegri verðlagningu, góðum greiðslukjörum og mjúkum innheimtuaðgerðum.

**ÞRIÐJA** leiðin og sú þjóðlegasta væri að einkavinavæða hvern deigan dropa á landinu, allt sem inniheldur $H_2O$ frá sagga í húsum til fossúða og allt þar á milli þótt heimilt væri áfram að pissa í skóinn sinn. Þjóðin er svo lánsöm að eiga menn sem kunna þetta ferli á fingrum sér og gætu smurt hið stirða opinbera kerfi með velvöldum kaupréttarheimildum og friðað almenning með útrásarórum. Til dæmis mætti hugsa sér að Vatnsveitan í samvinnu við Green Water Group Capital keypti Sahara-eyðimörkina með það fyrir augum að breyta henni í stærsta kartöflugarð í heimi og kenna öllum jarðarbúum að ekkert í veröldinni jafnast á við hið íslenska gullauga.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 8. október, 281. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.55 | 13.15 | 18.34 |
| Akureyri | 7.43 | 13.00 | 18.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




NISSAN PATROL
STERKUR STÓR
... stinnur mjög til ferðalags

NISSAN PATROL er jeppi sem hefur fyrir löngu sannað úr hverju hann er. Björgunarsveitir hafa t.a.m í mörg ár valið að kaupa Nissan Patrol vegna þess að hann er sterkur og endingar-góður. Nú bjóðum við Nissan Patrol með 35" breytingapakka frá Arctic Trucks.

NÝ VÉL
Nissan Patrol er nú með nýrri „common rail" dísilvél.

NISSAN PATROL sjálfskiptur SE
Verð aðeins 4.690.000 kr.



Mynd: 35" breyttur Patrol. Aukabúnaður á mynd - grillgrind og ljóskastarar

35" BREYTTUR Á FRÁBÆRU VERÐI!

BREYTINGAPAKKI:
• 35x12,5 R17 dekk
• Arctic Trucks álfelgur 17x10
• Málaðir brettakantar
• Úrklipping úr hjólskálum
• Fjöðrunarsvið aukið um 40mm
• Breyting á hraðamæli
• Breyttar stífur að framan
• Slökkvitæki / sjúkrapúði
• Hjólastilling / sérskoðun

35" BREYTTUR
NISSAN PATROL sjálfskiptur SE
Verð aðeins 5.420.000 kr.

KOMDU OG REYNSLUAKTU

NISSAN

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.